

Grafið utan garðs?

Greftranir í kjölfar sjálfsvíga á Íslandi 1800–1870

Frá því á miðöldum lágu þung viðurlög við sjálfsvígum. Fólust þau í niðurlægjandi meðferð líka sem dysja átti utan kirkjugarðs nema sérstakar mildandi ástæður kæmu til, fyrst iðrun, ef fólk var við meðvitund, en andleg veikindi síðar. Þá mátti leyfa að grafið væri í kirkjugarði en í kyrriþey. Einnig mátti dæma eignir hinna látnu upptækar til konungs. Kom það hart niður á eftirlifendum, auk þeirrar stimplunar sem fólst í greftruninni.¹ Miðaldakirkjan taldi að sjálfsvíg væru bæði stórglæpur og dauðasynd. Með því var brotið gegn samfélaginu, náttúrunni og Guði, sem fól í sér að einstaklingurinn fyrirgerði eilífri sáluhjálpi sinni.² Lúther leit aftur á móti svo á að sjálfsvíg væru í raun verk djöfulsins sem leitt hefði viðkomandi til verknadarins. Hann taldi því að fólk væri ekki fordæmt af sjálfu verkinu heldur gæti Guð fyrirgefið, réttlætt og frelsað einstaklinginn, hvernig sem dauðann hefði borið að. Hann taldi þó að sjálfsvíg væru félagslega forkastanleg og að samfélaginu bæri skylda til að koma í veg fyrir þau með öllum ráðum, m.a. með því að sjá til að þess greftrun þeirra sem höfðu fyrirfarið sér væri sem mest niðurlægjandi.³ Endurspeglar þetta fordæmandi afstöðu bæði ríkis og kirkju til verknadarins.

Á tímabilinu um 1790–1820 urðu miklar breytingar á afstöðu yfirvalda í Vestur-Evrópu til sjálfsvíga og greftrunar þeirra sem í þau rötuðu. Áttu þær rætur að rekja til upplýsingarinnar og frönsku byltingarinnar. Leiddu þær til mannúðlegri meðferðar líkanna. Miklu fyrr, eða 1751, lét Friðrik II þó afnema ákvæði um gröft utan garðs í Prússlandi. Breytingin mætti andstöðu og rúmum 120 árum síðar þótti enn ástæða til að banna vanvirðandi greftranir þar. Hliðstæð breyting varð í Bretlandi 1823. Í Svíþjóð viðhélst útför í kyrriþey í refsingarskygni aftur á móti fram yfir aldamótin 1900 þótt framkvæmdin tæki vissulega að mildast miklu fyrr og hætt væri að grafa utan garðs.⁴ Á rannsóknartímabilinu

¹ Christian Rück, *Ett lív vært att leva: Varför självmord blev människans följeslagare*, Albert Bonniers Förlag, 2024, bls. 36–44; Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á níttjándu öld: Tilraun til þjóðháttá- og sagnfræðilegrar greiningar“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 59/2024, bls. 19–47, hér 24–29. — Hér er líklega að finna skýringuna á því að þegar auglýst er nú á dögum að jarðarför fari fram eða hafi farið fram í kyrriþey er þess oftast getið að farið hafi verið eftir ósk „hins látna“. Nú er þó ekki annar munur á útför í kyrriþey og öðrum jarðarförum en að í þeim fyrrnefndu er aðeins reiknað með boðsgestum.

² Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo? Sálgacla eftir sjálfsvíg*, Muninn bókaútgáfa/Íslendingasagnaútgáfan, 1997, bls. 33; Hrafnkell Lárússon, „Dularfullur og forboðinn dauði: Um viðhorf til sjálfsvíga á 17. og 18. öld“, *Ritid* 2/2014, bls. 31–54, hér 34.

³ Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 33. — Spurningarnar um frelsi viljans, ábyrgð mannsins og verk Guðs eða djöfulsins voru miðlæg stef í guðfræði og heimspeki til langs tíma og mótuðu afstöðuna til sjálfsvíga. Arne Jarrick, *Hamlets frága: En svensk självmordshistoria*, Norstedts, 2000, bls. 82–94.

⁴ Sama heimild, bls. 95–112; Christian Rück, *Ett lív vært att leva*, bls. 41; Róisín Healy, „Suicide in Early Modern Europe“, *The Historical Journal* 3/2006, bls. 903–919, hér 913.

urðu nokkrar breytingar á þessu viðkvæma sviði hér á landi. Áttu þær rætur að rekja til fyrirmæla danskra stjórnvalda. Þær voru því hluti af þróun sem átti sér stað annars staðar í alríkinu en með nokkurri aðlögun sökum torveldra samgangna. Er þessa að vænta þar sem íslenskum yfirvöldum var almennt ekki umhugað um aukinn rétt og frelsi einstaklingum til handa.

Í þessari grein verður leitast við að kanna hvernig þau lagafyrirmæli sem um sjálfsvíg giltu voru túlkuð og þeim beitt hér á landi á nítjándu öld fram til 1870. Það ár féllu úr gildi öll sérákvæði um þau sem féllu fyrir eigin hendi. Í rannsókninni er byggt á heimildum um 80 sjálfsvíg sem vitað er um á tímabilinu.⁵ Gögn hafa fundist um greftrun í 25 tilvikum eða í um 30 af hundraði tilvikanna. Er þar átt við formlega úrskurði sýslumanns eða amtmanns lögum samkvæmt eða önnur gögn sem varpa ljósi á framkvæmdina.⁶ Langflest þessara tilvika eru frá tveimur síðustu áratugum rannsóknartímans. Hlutfallið milli karla og kvenna í þeim tilvikum þar sem vitað er hvernig greftrun var háttað er nánast hið sama og hvað heildarfjöldi sjálfsvíga 1800–1870 áhrærir eða ein kona á móti fimm körlum.⁷ Dæmin nægja til að fá yfirlit yfir hvaða afbrigði útfarar komu fyrir hér á landi. Á hinn bóginn eru þau of fá til að álykta nokkuð um hversu oft niðrandi greftrunum var beitt. Þá verður að fara afar varlega í að álykta um hvort marktækar breytingar hafi orðið á tímabilinu. Þó verður bent á áhugaverða vísbendingu í þá átt.

Í greininni er byggt á margs konar heimildum. Mest munar þar um dóma- og bréfabækur sýslumanna, sem og bréfaskipti milli þeirra, amtmanna og presta en þessir veraldlegu valdsmenn áttu að úrskurða um útfararmátann. Gert var ráð fyrir að réttarpróf færu fram í kjölfar sjálfsvíga og í framhaldinu væru gefin formleg fyrirmæli um hvernig greftrun skyldi háttað. Aðeins í fáeinum tilvikum er slík fyrirmæli að finna í dómabókum. Vera má að það stafi öðrum þræði af því hve algengt var að geðræn veikindi væru álitin hafa valdið sjálfsvígum en þá var ekki þörf neinna sérstakra ráðstafana.⁸ Eins kunna embættismenn að hafa litið svo á að fyrirmælin ættu aðeins erindi til viðkomandi prests og þau þá oft verið veitt óformlega og jafnvel munnlega væri prestur t.d. viðstaddur réttarpróf. Þetta er vel líklegt vegna þess að sem fæstir áttu að vera viðstaddir greftrunina. Viðtækari könnun á skjalgum heimildum af ofangreindu tagi gæti þó leitt fleiri dæmi í ljós en hún rúmast ekki innan þessarar rannsóknar.

Nokkuð hefur verið fjallað um sjálfsvíg hér á landi fyrir á öldum.⁹ Til þessa hefur þó ekki verið fjallað sérstaklega um beitingu niðurlægjandi greftrana. Í rannsókn Hrafnkels Lárussonar á sjálfsvígum á sautjándu og átjándu öld kom í ljós að í annálum frá þessum tíma er aðeins sjaldan getið greftrunar eða í um það bil átta af hundraði tilvika. Ekki var hægt að greina skýra reglu og taldi hann

⁵ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 36 (Tafla 1).

⁶ Í nokkrum tilvikum var formlegur úrskurður ekki felldur en framkvæmd lýst eftir á t.d. vegna eftirgrenslanar yfirvalda.

⁷ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 36 (Tafla 1). — Hlutföllin eru ein kona á móti 4,5 og 5 körlum.

⁸ Hjalti Hugason, „Meintar ástæður“ sjálfsvíga á Íslandi á nítjándu öld“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 61/2025, bls. 38–62, hér 46–51.

⁹ Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 31–54; Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 19–47; Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveitasamfélag: Aðdragandi — aðferðir — afleiðingar“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 60/2025, bls. 3–29; Hjalti Hugason, „Meintar ástæður“ sjálfsvíga á Íslandi“, bls. 38–62.

að greftranir hefðu að mestu ráðist af afstöðu yfirvalda á hverjum stað. Andleg heilsa virðist t.d. ekki hafa ráðið úrslitum um hvernig greftrað var. Þegar jarðað var utan garðs var ýmist grafið í námunda við kirkjugarð eða staðinn þar sem lík fundust.¹⁰

Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir þeim ákvæðum laga sem giltu um greftrun þeirra sem tóku líf sitt, sem og öðrum fyrirmælum sem um það mál giltu. Þar verður einkum fjallað um hvenær sannað þótti að sjálfsvíg hefði raunverulega átt sér stað en ekki voveiflegt dauðsfall af öðru tagi. Einnig verður grafið fyrir um hver átti að úrskurða um greftrunarmáta þegar það þótti ljóst. Í síðari hluta greinarinnar verður síðan kannað hvaða form útfara komu fram hér. Er þá bæði horft til þess hvar greftrun fór fram — utan garðs eða innan — sem og hvaða helgisiðir voru viðhafðir — ef einhverjir.

Út frá nútímalegu sjónarhorni hlýtur að teljast að mikil harðýðgi hafi falist í greftri utan kirkjugarðs án nokkurs söngs, bænahalds eða huggunarorða til eftirlifenda, að ekki sé talað um upptöku á arfi þeirra, sem allt lagðist ofan á sorg eftir látinn ástvin. Vissulega ber að varast anakróníska dóma í þessu efni sem öðrum. Hitt er annað að reyna að fjalla um málefnið með fyllilega hlutlausu orðalagi. Hér verður þess ekki að öllu leyti freistað. Af svipaðri ástæðu verður nafnleyndar gætt í greininni og er það gert af tillitssemi við fólkið sem í hlut átti þótt langt sé nú líðið síðan þeir sviplegu atburðir áttu sér stað sem fjallað er um. Í einu tilviki verður nafnleyndin þó rofin. Um það mál var mikið skrifað á opinberum vettvangi á sínum tíma. Umfjöllunin í greininni er einnig það ítarleg að illa hefði farið á öðru.

Lög, lagatúlkun og lagaframkvæmd

Fram undir 1840 giltu ákvæði kristinréttar Árna Þorlákssonar (1237–1298) Skálholtsbiskups um greftrun fólks sem hafði fyrirfarið sér.¹¹ Samkvæmt ákvæðunum skyldi almennt jarða lík í vígðum kirkjugarði eða hugsanlega í kirkju ef biskup heimilaði. Þó voru undantekningar á þessu þar sem voru „óðáðamenn“. Til þeirra töldust m.a. þau er höfðu tekið eigið líf.¹² Alla óðáðamenn átti að grafa utan garðs. Er þar ekki aðeins átt við kirkjugarð, heldur og túngarð, en dys skyldi ekki vera nær honum en sem nam „örskotshelgi“. Hún mátti hvorki vera á akri né engi og þaðan máttu vötn ekki renna til bólstaða. Ekki mátti heldur syngja yfir líkunum. Þó mátti biskup leyfa gröft í kirkjugarði ef viðkomandi hafði fengið

¹⁰ Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 31–54.

¹¹ Jón Pjetursson, *Íslenzkur kirkjurjettur*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1863, bls. 130. — Kristinréttur Árna var lagður til grundvallar við dómaframkvæmd í þessu efni allt fram yfir aldamótin 1900; *Landsyfjrréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum 6*, Ísafoldarprentsmiðja, 1904, bls. 625.

¹² Aðrir óðáðamenn voru: drottinsvikarar, morðingjar, tryggðofarar, griðníðingar, dæmdir þjófar, flugumenn, bannsettir menn, opinberir ránsmenn og „[...] þeir sem deya í forboði heilagrar kirkju, [...]“, auk villutrúarmanna, okurkarla og loks óskirðra manna, bæði barna og fullorðinna. „Kristinréttur Árna Þorlákssonar“, *Járnsiða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, Sögufélag, 2005, bls. 143–190, hér 156; Bertil Nilsson, *De sepulchris: Gravrätten i Corpus Iuris Canonici och i medeltida nordisk lagstiftning*, Bibliotheca Theologiae Practicae/Kyrkovetenskapliga studier 44, ritstj. Lars Eckerdal og Jan Arvid Hellström, Almqvist & Wiksell International, 1989, bls. 278–280. — Löngum þótti réttlæt看legt að grafa þau er réðu sér bana í kirkjugarði ef atvikid hafði átt sér stað í vitfiringu. Arne Jarrick, *Hamlets fråga*, bls. 16, 37, 60–61, 80–81.

aflausn fyrir dauðann eða a.m.k. sýnt iðrunarmerki.¹³ Leit Jón Pétursson (1812–1896) háyfirdómari svo á, í *Íslenzkum kirkjurjetti* sínum, að í þessu hefði verið sýnd „linkind“.¹⁴ Er það til vitnis um þá afstöðu sem ríkti í garð þeirra sem hlotið höfðu þessi óblíðu örlög er ritið kom út 1863. Hvað svo sem því líður var í stórum dráttum farið eftir kaþólskum miðaldareglum allt til þessa tíma.¹⁵

Frá því á átjándu öld hafði danska konungsvaldið brugðist við réttaróvissu sem gerði vart við sig í landinu m.a. þegar innlend löggjöf, og þá einkum hin aldna Jónsbók, nægði ekki til að skera úr málum. Voru þá hlutar danskrar og norskrar löggjafar innleiddir hér. Varðandi efni þessarar greinar skiptir mestu að með tilskipun „viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi“ frá 24. janúar 1838 ákvað Friðrik VI (1808–1839) Danakonungur að þegnar hans hér á landi yrðu aðnjótandi sömu laga og réttar og giltu annars staðar í ríkinu. Því skyldu sömu hegningarlög gilda hér og í Danmörku og Noregi. Þar með skyldi dæma í sakamálum eftir norsku lögum (Norske Lov) Kristjáns V (1670–1699) frá 1687 með áorðnum breytingum. Við ákvörðun refsinga skyldi þó taka tillit til aðstæðna á landinu.¹⁶ Sú grein norsku laganna sem fjallaði um sjálfsvíg hljóðaði svo í þýðingu Magnúsar Ketilssonar (1732–1803) sýslumanns:

Saa sem fyrerfer siaaflum ser, hafe forbroted höfudlood sijna til sijns huuboonda, og maa hvørke grafaz í kirkiu ne kirkiugaarde, utan hann hafe gjort það af Siukdoome og Vitlseise.¹⁷

Hafði þessi tilskipun þær afleiðingar að nú mátti jarða þau sem ráðið höfðu sér bana í ósjálfræði innan kirkjugarðs. Heilsufarsleg viðmið leystu þar með guðfræðileg af hólmi. Önnur skyldi eftir sem áður dysja á afviknum stað. Fram til

¹³ Undanþágan átti við alla ódádámennt nema morðingja og dæmda þjófa. „Kristinréttur Árna Þorlákssonar“, bls. 156. — Ákvæðin um staðsetningu dysjar virðast hafa mótast af almennum heilbrigðissjónarmiðum fremur en að reynt hafi verið að koma á samræmdri reglu, t.a.m. með greftri á dánarstað. Bertil Nilsson, *De sepulchris*, bls. 279.

¹⁴ Jón Pjetursson, *Íslenzkur kirkjurjettur*, bls. 130.

¹⁵ Í *Handbók presta* frá 1852 segir að þau sem „ekki eru hreinnar trúar og sannrar meðkenningar með vorri kirkju“ megi jarða í kirkjugarði en án þess að talað væri yfir þeim og rekum væri kastað, þ.e. í kyrriþey. Sama máli gegndi um þau sem af voru tekin eða höfðu fyrirfarið sér, voru óleyst úr banni eða dæmd óærleg nema þau hefðu tekið út refsingu og sæst við „málspartinn“ sem þau hefðu brotið gegn eða staðið í deilu við. Loks mátti ekki grafa þau sem höfðu „með vilja firrt sig lífi“ innan kirkju eða í kirkjugarði. *Handbók presta innibaldandi Guðspjöll og Pistla með tilbeyrandi kollektum og bænum sem í Íslands kirkjum lesast árið um kring á sunnu- og helgi-dögum: Svo fylgir einnig vegleiðsla um barnaskírn, hjónavígslu, vitjun sjúkra og greiðrun framlöðinna, m. fl.*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1852, bls. 247; Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 38–39. — Sambærilegar reglur giltu m.a. í Svíþjóð á átjándu öld. Þeim var fylgt með þeim hætti að réttað var yfir hinum látnu og úrskurdað um meðferð líkana. Ef niðurstaðan varð að hin látnu hefðu talist ábyrg gerða sinna átti böðull að grafa lík þeirra á aftökustað eða á afviknum stað, t.d. í skógi, eða jafnvel brenna þau. Að öðrum kosti mátti grafa þau í kyrriþey á afviknum stað í kirkjugarði. Etingjar máttu ekki hlúa að líkinu fyrr en dómur hafði fallið. Greiftrun skyldi fara fram í björtu og í viðurvist prests sem átti að sjá til að allt færi rétt fram og lesa áminningarorð yfir þeim sem viðstödd voru en ekki fara með bænir fyrir hinum látnu. Dómar linuðust með tímanum þar sem yfirvöld sýndu meiri mannúð og dauðinn varð í vaxandi mæli að einkamáli. Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 33–81, 99–112.

¹⁶ *Lovsamling for Island (Løvs. f. Isl.) 11*, Kaupmannahöfn, 1863, bls. 149–150, 160–171; „Kristinréttur Árna Þorlákssonar“, bls. 144–190, hér 156–158; Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*, Hlaðbúð, 1971, bls. 186–195; Lýður Björnsson, „18. öldin“, *Saga Íslands 8*, ritstj. Sigurður Línal, Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2006, bls. 1–289, hér 22.

¹⁷ „Kongs Christians þess fimmta Norsku Lög á Íslensku Utlögd“, 1779, gr. 6-6-21, *baekur.is*, sótt 11. apríl 2026 af

https://baekur.is/bok/721f74cd-801a-46f2-97ac-31aac7c75fd7/0/350/Kongs_Kristjans_thess_fimmta/?iabr=on#page/n349/mode/2up.

— Viðkomandi laga- grein, 6-6-21, var orðuð svo í sautjándu aldar lögunum: „Den som sig selv ombringer have sin Hovedlod forbrut til sit Herskab og maa ej begravis enten i Kirken eller paa Kirkegaard med mindre hand gjør det i Sygdom og Raseri.“ „Kong Christian Vs Norske Lov“, 1687, *hf.uio.no*, sótt 28. október 2024 af

<https://www.hf.uio.no/iakh/tjenester/kunnskap/samlinger/tingbok/lover-reskripter/chr5web>. Sjá og: „Kong Christian Den Femtis Danske Lov“, [1683], bls. 897, *bjoerna.dk*, sótt 3. desember 2024 af <https://bjoerna.dk/DL-1683-internet.pdf>.

1824 mátti einnig gera eignir þeirra upptækar til konungs.¹⁸ Eftir það stóð aðeins upp á yfirvöld að ákveða greftrunarmátann. Slík niðurlægjandi meðferð líks hefur ugglaustr almennt verið talin tákna að sál þeirra sem létust í sjálfsvígum væri útskúfuð. Upptaka eigna hefur svo aukið harm þeirra sem arf áttu að taka eftir þau.¹⁹ Eitthvað hefur verið um að sjálfsvígum væri leynt fyrir yfirvöldum til að komast hjá þessum alvarlegu afleiðingum. Ekki virðast þó hafa verið veruleg brögð að því að meira hafi verið gert úr sjúkdómsástandi fólks en efni stóðu til.²⁰

Framan af rannsóknartímanum hefur óvissa ríkt um hver úrskurða skyldi um greftrunarmáta. Árið 1843 varð sá atburður að húsfreyjan í Héraðsdal í Skagafirði, sem lengi hafði þjáðst af geðrænum sjúkdómi, skar sig á háls og hafði þegar bana af. Var leitað bæði til prófests og sýslumanns og þeir beðnir að hana mætti grafa í kirkjugarði. „Lést“ prófastur ekki vita hvort það mætti en sýslumaður vísaði frá sér og réð aðstandendum að leita álits amtmanns. Bertel Holm Borgen (1803–1888), sýslumaður Eyfirðinga og settur amtmannur, úrskurðaði að konuna mætti grafa í kirkjugarði en „með lítilli viðhöfn“.²¹ Ber að skilja það svo að hana ætti að grafa í kyrriþey. Ekki er hins vegar hægt að sjá hvort moldun hafi verið veitt eða ekki. Með tilliti til heilsufars konunnar virðist ákvörðunin strangari en lögin frá sautjándu öld útheimtu en oft var venjuleg útför leyfð þegar líkt stóð á.

Fimm árum síðar, eða 1848, skapaðist meiri víska í þessu efni er danska dómsmálaráðuneytið brást við fyrirspurn stiftamtmanns um efnið. Upplýsti það að samkvæmt konungsbréfi til stiftamtmannsins á Sjálandi frá 1754 bæri amtmönnum í ríkinu öllu að úrskurða um hæfilegan greftrunarmáta eftir sjálfsvíg að undangenginni bestu mögulegu „Examination og Undersøgning.“ Í framhaldinu bar þeim tafarlaust að skila skýrslu til konungs.²² Þetta var óframkvæmanlegt hér á landi og hefði því viðhaldið óvissunni. Af þeim sökum var því í svarinu sett fram sem meginregla að sýslumenn sendu amtmanni gögn um málsatvik að lokinni líkskoðun læknis og réttarprófi og leituðu úrskurðar hans um greftrunarmáta. Sjaldnast voru þó tók á að leita umsagnar læknis og voru þá aðrir kallaðir til skoðunargjörðarinnar. Vegna staðbundinna aðstæðna þótti samt ekkert við það að athuga að vikið væri frá meginreglunni þegar engar grunsemdir lágu fyrir um morð eða manndráp. Ásættanlegt þótti jafnvel að sýslumaður fæli hreppstjóra þá rannsókn og ákvæði síðan sjálfur greftrunaraðferð með fyrirvara um samþykki amtsins. Sjálfur bar sýslumaðurinn þó fulla ábyrgð á rannsókninni enda skyldi hann þá, eins og í öðrum tilvikum, tafarlaust upplýsa amtmann um allan gang málsins.²³ Aðeins einu sinni verður þess þó vart að hreppstjóri hafi

¹⁸ *Lövs. f. Isl. 8*, Kaupmannahöfn, 1858, bls. 577–578.

¹⁹ „Kong Christian Den Femtis Danske Lov“, bls. 897 (gr. 6-6-21); Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 36; Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 41, 52.

²⁰ Hjalti Hugason, „Meintar ástæður“ sjálfsvíga á Íslandi“, bls. 50.

²¹ Jón Espólin og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 4*, Iðunn, 1979, bls. 21–22.

²² *Lövs. f. Isl. 10*, Kaupmannahöfn, 1861, bls. 556–557. — Skerpt var á þessum fyrirmælum 1834 þar sem aukin viðleitni var þá til að safna gleggri upplýsingum um fjölda sjálfsvíga. Jón Pétursson segir þó að amtmenn ættu að úrskurða um útfararmáta í heimasýslum sínum en annars sýslumenn hver í sinni sýslu. Jón Pjetursson, *Íslenzkjur kirkjurjettur*, bls. 130. Var það vissulega nokkur einföldun.

²³ Þjóðskjalasafn (ÞÍ.) Vesturamt. C/19. Bréfabók 1847–1851. Circulaire til sýslumanna 4. júlí 1848; *Lövs. f. Isl. 14*, Kaupmannahöfn, 1868, bls. 127.

annast rannsókn af þessu tagi fyrir 1870.²⁴ Í svo til öllum úrskurðum sem sýslumenn felldu um greftrun bundu þeir ákvarðanir sínar við væntanlega staðfestingu amtmanns.

Við þetta tækifæri fræddi amtmaður í Vesturamtinu sýslumenn sína um hvaða möguleikar væru fyrir hendi varðandi útfarir eftir sjálfsvíg og af hverju þeir réðust. Þegar sannað þætti að einhver hefði ráðið sér bana að yfirlögðu ráði mátti aldrei heimila greftrun í vígðri mold („kristen Jord“).²⁵ Hefði manneskjan sem í hlut átti ráðið sér bana annaðhvort í ósjálfræði eða, eins og næstum alltaf væri raunin, í einhvers konar geðshræringu („sindsforvirring“) mætti heimila greftrun í kirkjugarði og hugsanlega með moldun. Ef sjálfsvígið hafði átt sér stað í fullkominni vitfirringu („afsindighed“) mátti veita jarðarför með venjulegum kirkjulegum helgisíðum.²⁶ Sama flokkun kemur fram í *Íslenzkum kirkjurjetti* Jóns Péturssonar. Samkvæmt honum gátu greftranir verið ferns konar: (1) „Óheiðarlegar“ greftranir áttu sér stað utan garðs án allrar viðhafnar og var eini kosturinn sem stóð þeim til boða sem höfðu vísvitandi „drepit sig“ án þess að „sjúkdómi eða æði“ væri um að kenna.²⁷ „Heiðarlegar“ greftranir fóru fram í kirkjugarði. Þær gátu svo ýmist verið (2) „hátiðlegar“ eða „ekki hátiðlegar“. Þær fyrrnefndu fóru fram með öllum venjulegum helgisíðum en hinar síðarnefndu urðu að fara fram í kyrriþey og án helgisíða. Þessar „heiðarlegu“ en „ekki hátiðlegu“ greftranir voru svo tvenns konar: (3) með moldun eða (4) án hennar.²⁸ „Heiðarleg“ greftrun án moldunar var mildilegri en „óheiðarleg“ greftrun að því leyti að hún uppfyllti annað af þeim tveimur skilyrðum sem voru fyrir því að greftrun gæti talist kristin. „Heiðarleg“ greftrun með moldun uppfyllti þau bæði en var þó frábrugðin kirkjulegum útförum í því að enga aðra helgisíði mátti viðhafa og enga sálma syngja. Með „ekki hátiðlegu“ útförunum skyldi vissulega sýnd nokkur mannúð eða tilhlíðrunarsemi, einkum þegar moldun var leyfð en það mátti aldrei gera „[...] nema ástæður sje [svo] til að efast um, að maðurinn hafi verið með öllum mjalla, er hann fargaði sjer [...]“²⁹ Fengist leyfi til þeirra átti að grafa hin látnu á afviknum stað í kirkjugarðinum í kyrriþey nema ef moldun var leyfð og þess getið sérstaklega.³⁰ Jarðarför undir þessum kringumstæðum mátti sem sé

²⁴ Atvikið varð haustið 1860. Í hlut átti matsveinn á erlendu skipi sem lá á Seyðisfirði. Fannst hann hengdur um borð eftir að hafa einsamall staðið vörð um nóttina. Sökum ófærðar og annarrar áformadrar embættisferðar treysti sýslumaðurinn sér ekki á staðinn en fól hreppstjóra og verslunarstjóra rannsókn málsins og lagði á ráðin um hvaða atriði skyldi spyrjast fyrir um. Á grundvelli rannsóknargagna fyrirskipaði hann svo greftrun í kyrriþey án moldunar. *DÍ. Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu. C/9. Bréfabók 1860–1863. Sýslumaður til hreppstjóra 21. október 1860 og úrskurður 26. október 1860.*

²⁵ Um þetta fólk sagði: „Þeir, sem hafa vísvitandi drepit sig sjálfa, og það er víst, að þeir eigi hafi gjört það í sjúkdómi eða æði; þegar vafi þar á mót er um þetta, ákvarða valdsmennirnir, sem fyrr er sagt, hvar og hvernig þá skuli grafa [...]“. Jón Pjetursson, *Íslenzkum kirkjurjettur*, bls. 131. Aðrir sem hljóta skyldu „óheiðarlega“ greftrun samkvæmt kristinrétti Arna voru hórkarlar sem menn drápu í rúmi hjá konum sínum og ekki sýndu iðrunarmerki, þau sem tekin höfðu verið af lífi „með óvanalegum atvikum, í því skyni, að herða á líflátinu“, auk þeirra sem dæmd höfðu verið til slíkrar vansæmandi refsingar en létust áður en dómnum var framfylgt, og loks óskírd börn. Jón Pétursson kvað þó þá venju á komna að jarða óskírd börn, auk fullburða andvana fæddra, í kyrriþey í kirkjugarði en með moldun. Börn sem hvorki voru fullburða né lífandi fædd taldi hann almennt vera grafin í kirkjugarði án aðkomu prests. Jón Pjetursson, *Íslenzkum kirkjurjettur*, bls. 131–132. Sjá og: Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, 2. útg., Reykjavík: [án útgefanda], 1890, bls. 138–139.

²⁶ *DÍ. Vesturamt. C/19. Bréfabók 1847–1851. Circulaire til sýslumanna 4. júlí 1848.*

²⁷ Jón Pjetursson, *Íslenzkum kirkjurjettur*, bls. 131. — Heiti flokkanna eru hér tekin eftir Jóni Péturssyni. Gæsalöppum haldið þar sem þau enduróma viðhorf frá níttjándu öld.

²⁸ Sama heimild, bls. 131–132. Sjá og: Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, bls. 138–139.

²⁹ Jón Pjetursson, *Íslenzkum kirkjurjettur*, bls. 130.

³⁰ Sama heimild, bls. 129–131; „Kong Christian Den Femtis Danske Lov“, bls. 284 (gr. 2-10-4). Sjá og: „Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685“, *Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685–1985*, Udvalget for konvent for kirke og

aldrei fara fram „[...] með söngum, hljóðfærslætti nje hringingum, og presturinn enga líkræðu halda, og engin hátíðleg líkfylgd eiga sjer stað; [...]“.³¹

Fyrirmælin um „ekki hátíðlegu“ greftranirnar byggðust á kansellíbréfi til biskupsins á Fjöni frá 1833. Samkvæmt því hafði vilji löggjafans lengi staðið til að tekið væri aukið tillit til kringumstæðna í hverju tilviki fyrir sig, sem og persónuleika og lífennis þeirra sem í hlut áttu og loks hvert tillit þætti við hæfi að sýna eftirlifendum. Í þessum anda var yfirvöldum heimilað að ákvarða útfararmáta sem væri síður særandi fyrir eftirlifandi ættingja en hinn lögboðni. Slík jarðarför átti að fara fram á þeim tíma sem síst væri til þess falinn að vekja athygli almennings og án nokkurra annarra kirkjulegra eða borgaralegra síða en moldunar ef ástæða hafði þótt til að leyfa hana. Í því sambandi var vakin athygli á að gröftur í kirkjugarði og moldun væru höfudeinkenni kristinna jarðarfara en aðrir helgisídir væru valkvæð atriði sem stæðu ættingjum til boða þegar allt væri með felldu. Þó skyldi ætíð haft í huga að sjálfsvíg væru „[...] mod religionen og moralens bud stridende handling [...]“ og framhjá því mætti aldrei líta við greftrun eftir sjálfsvíg sem talið var að yfirlögðu ráði.³²

Dómsmálaráðuneytið sendi að nýju fyrirmæli um greftranir 1854 og var þá áfram byggt á kansellíbréfinu frá því tveimur áratugum fyrr. Þar segir að í úrskurðum um greftranir eftir sjálfsvíg sé mikilvægt að gæta þess að „[...] de i Religionen grundede Forestillinger om det Syndige i Selvmord opretholdes [...]“ eins og kostað væri kapps um í gildandi lögum. Þá bæri og að taka tillit til mismunandi afstöðu til sjálfsvíga eftir því hvar í ríkinu þau höfðu orðið. Áleit ráðuneytið að Íslendingar hefðu haldið fastar við eldri skilning á sjálfsvígum en gert væri annars staðar í ríkinu. Þá afstöðu sæmdi yfirvöldum ekki að slæva og mættu því ekki beita mildandi ástæðum umfram það sem fram kæmi í bréfinu frá 1833. Þó var jafnframt talið mikilvægt að eftirlifendum væri hlíft við ónauðsynlegri niðurlægingu hinna látnu.³³ Líta má svo á að þarna sé nokkuð dregið í land miðað við fyrra ráðuneytisbréfið. Þó skyldi áfram taka mannúðlegt tillit til aðstæðna hverju sinni.

Í lok rannsóknartímans, eða 1. ágúst 1870, tóku ný hegningarlög fyrir Ísland gildi og leystu af hólmi dönsku og norsku lögin frá sautjándu öld. Samkvæmt þeim féllu ákvæðin um greftranir utan garðs brott. Því átti jafnvel að grafa sakamenn er teknir höfðu verið af lífi í kirkjugarði en þó í kyrrþey (11. gr.).³⁴ Nýju hegningarlögin höfðu engin sérákvæði um greftrun þeirra sem bundu enda á eigið líf og hófst þar með nútíminn á þessu viðkvæma sviði.³⁵ Ástæða er til að ætla að viðleitni stjórnvalda til að sýna fórnarlömbum sjálfsvíga aukna mildi,

theologi, 1985, bls. 114. — Jón Pétursson gekk út frá að úrskurður sýslumanns/amtmanns kynni að vera svo orðaður að heimilt væri að grafa í kirkjugarði en þó í kyrrþey. Taldi hann presti þá vítalaut að kasta rekum en orðalagi úrskurðarins væri þó ábótavant. Jón Pjetursson, *Íslenzkur kirkjurjettur*, bls. 131.

³¹ Sama stað.

³² *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. B/25. Bréf 1854–1855. Kansellífið til biskupsins á Fjöni 3. ágúst 1833 (afrit).

³³ *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. B/45. Bréf 1852–1854. Amtmaður til sýslumanns 5. desember 1854.

³⁴ „Almenn hegningarlög handa Íslandi“, *Lövs. f. Isl.* 20, Kaupmannahöfn, 1887, bls. 247; Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, bls. 138–139; Einar Arnórsson, *Íslenzkur kirkjurjettur*, [höf. gaf út], 1912, bls. 149; Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften/Publications Universitaires Européennes/European University Studies, Reihe/Série/Series 2:524, Peter Lang, 1986, bls. 151–152.

³⁵ Sjá: *Stjórnartíðindi* 1881 B, bls. 37; Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 40, 51.

fyrst með framangreindum tilmælum um mannúðlegri framkvæmd lagabókstafsins frá sautjándu öld og síðar með niðurfellingu allra sérákvæða um greftrun þeirra, hafi valdið nokkurri óvissu og jafnvel mætt nokkurri andstöðu hérlendis þótt vissulega hafi þessi tilmæli haft áhrif á lagaframkvæmdina.³⁶ Það kemur t.a.m. fram í blaðaskrifum sem urðu í kjölfar sjálfsvígs sem átti sér stað í Húnavatnssýslu 1853 og fjallað verður um sérstaklega hér aftar.

Fyrir 1870 reið mjög á hvort yfirvöld álitu fullsannað að um sjálfsvíg hafi raunverulega verið að ræða og hvert geðrænt ástand viðkomandi hafi þá verið. Í réttarprófum sem haldin voru eftir sjálfsvíg var m.a. leitast við að afla upplýsinga sem varpað gátu ljósi á bæði þessi atriði. Í eintaki af *Danske Lov* í eigu Landsbókasafns Íslands er að finna athyglisverða handskrifaða „glósu“ með átjándu eða nítjándu aldar rithönd á spássíu við lagagreinina sem skýrir hvaða skilyrði yrði að uppfylla til að hægt væri að slá því fyrrnefnda föstu. Þar segir: „Ingen bór ansees som Selvmorder uden det godtgiöres ved saadanne beviser som de Lovkyndige i vedrórende[?] Tilfælde tager for at være tilstrækkelige.“³⁷ Gæti þetta verið skýring sem gefin hefur verið í fyrirlestri við Hafnarháskóla og gefur þá vísbendingu um hver opinber túlkun var í þessu efni. Samkvæmt túlkuninni var gert ráð fyrir að haldbærar sannanir lægju fyrir um að sjálfsvíg hefði raunverulega átt sér stað en ekki aðeins að sannað þætti að ekki væri um slys, líkamsárás, manndráp eða morð að ræða.

Einnig kemur fram athyglisverð túlkun á ákvæðinu í bréfaskiptum sýslumanns Þingeyjarsýslu, amtmanns í Norðuramtinu og biskups um dauða og greftrun vinnukonu á Illugastöðum í Fnjóskadal 1826. Hún hafði fundist látin í skemmu þar á bænum með hníf standandi neðst í brjóstholi og var talið ljóst að hún hefði stungið sig sjálf. Ekki hafði orðið vart við neinn sjúkleika hjá stúlkunni.³⁸ Sigurður Árnason (1867–1849) sóknarprestur hennar gróf hana utarlega í kirkjugarði. Þetta gerði hann undir miklum þrýstingi frá húsbónda stúlkunnar sem var kirkjubóndi og hreppstjóri. Sýslumanni hafði þó ekki verið tilkynnt um atvikið og engin rannsókn því enn farið fram. Eftir á var presturinn sannfærður um að yfirvöld mundu hafa samþykkt greftrunina með þessum hætti.³⁹ Í álitsgerð biskups í málinu segir m.a.:

³⁶ Sjá: [Án höfundar], „Fyrirspurnir og svör“, *Fjallkonan* 22. mars 1892, bls. 47. — Beiðnir um gröft í kirkjugarði héldu áfram að berast yfirvöldum árum saman eftir að sérákvæði um sjálfsvíg höfðu fallið brott úr lögum. Sjá t.d. *Df.* Norður- og austuramt. B/18-3. Bréfasafn. A. Jóhannsson til amtmanns 4. júlí 1878. Þarna stóð sérstaklega á þar sem hinn látni hafði banað öðrum manni áður en hann skar sjálfan sig til ólífis.

³⁷ „Kong Christian Den Femtis Danske Lov“, bls. 897. — Peter Fjeldsted Hoppe (1794–1848), sem var skipaður amtmáður í Suduramti 1824, gaf stiftsbókasafninu eintakið samkvæmt áritun innan á saurblaði þetta sama ár. Hann var mikill stuðningsmaður safnsins.

³⁸ *Df.* Biskupsskjalasafn (Bps.). CIII:16. Bréfabók biskups 1827. Biskup til setts prófasts 4. apríl 1827 (bréfið ekki í réttri tímaröð); „Kong Christian Den Femtis Danske Lov“, bls. 284 (gr. 2-10-4); *Danmarks og Norges Kirke-Ritual 1685 (IX kap.)*, bls. 114. — Málsskjöl hafa verið gefin út, sjá: [Án höfundar], „Bréfagerðir um málið“, *Sögubáttur úr Fnjóskadal*, útg. Finnur Sigmundsson, Menn og minjar, Íslenzkur fróðleikur og skemmtun, [án útgefanda], 1950, bls. 33–52, hér 40, 48, 52.

³⁹ *Df.* Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/03-2. Dóma- og þingbók 1818–1830, bls. 244–249.

Af straxnefndum Rannsóknargjörnings Útdrætti, sem og tédu sídara amtsbréfi, sést að engin yfirvalds áliktun hefir gjörz um, hvört optáminst [NN] ætti leg, utan eða innan Kyrkiu [svo], heldur er einasta tilgreint, að svo sem undir Rannsókninni, hafi ei fundiz nein Líkindi til þess, að hún hafi lífid miz fyrir annara Tilverknad, eins vanti nægilega juridiska Fullvissu fyrir því, að hún hafi það sjálf af sér tekid, hvaraf flýtur, að hún má álitaz að ega með Réttu þá fengnu heidarlegu Greftrun innan Kyrkjugarðs.⁴⁰

Sýnir þetta að biskupinn hefur verið á sama máli og sá sem stóð að lagatúlkuninni sem fram kom í fyrrnefndri „glósu“, sem og að þegar á fyrri hluta nítjándu aldar hafi yfirvöld viljað túlka ákvæði laganna svo þröngt sem kostur var. Ekki nægði að sýna fram á að mannlátið hefði ekki orðið fyrir annarra tilverknad og gagnálykta út frá því að sjálfsvígi að yfirlögðu ráði væri um að kenna. Færa varð lögfræðilega fullgildar sannanir fyrir að svo hefði í raun verið. Virðist því sem ákvæðinu um gröft utan garðs skyldi ekki beitt nema því aðeins að beinlínis væri sannað að sjálfsvíg hefði átt sér stað og þá vitandi vits. Niðurstaða biskups var því lögfræðilegs eðlis og byggðist á að þrátt fyrir að sannað þætti að ekki hefði verið um manndráp að ræða væri ekki fullsannað að stúlkan hefði raunverulega ætlað að bana sér.⁴¹ Heilsufar hennar þurfti því ekki að kanna sérstaklega. Síðar verður víkið frekar að sjálfri framkvæmd greftrunarinnar.

Um framkvæmd þeirra laga og fyrirmæla sem hér hefur verið gerð grein fyrir er það að segja að oftast ákváðu sýslumenn hvar og hvernig skyldi grafa þau sem fyrir fóru sér. Þetta á við um 18 af þeim 25 úrskurðum sem fundist hafa við rannsóknina. Athyglisvert er að þessir úrskurðir, sem oftast byggðust á upplýsingum sem fengist höfðu við réttarpróf, eru aðeins í tveimur tilvikum í upphafi rannsóknartímans færðir inn í dómabækur. Nokkrum sinnum er þess getið að viðkomandi sóknarpresti verði gefin fyrirmæli um greftrunina. Oftast er þó þagað um þennan þátt. Bendir það til að ákvörðun um greftrunaraðferðina hafi aðeins verið talin eiga erindi til prestsins sem greftrunina átti að annast enda ekki stefnt að því að athöfnin yrði opinber nema ef „hátíðleg“ greftrun var leyfð. Amtmaður úrskurðaði í tveimur málanna án efnislegrar aðkomu sýslumanns. Í þremur tilvikum tóku prestar sjálfir af skarið um útfararmáta, prestur og hreppstjóri sameiginlega í einu tilviki og hreppstjóri einn í öðru en þá var prestslaut í viðkomandi prestakalli. Í síðasttöldu fimm tilvikunum fóru staðbundin yfirvöld út fyrir valdsvið sitt og var ýmsu um að kenna: vegalengdum, ófærð, báguum aðstæðum fólks og reynsluleysi við svo erfiðar aðstæður. Þó voru vissulega bæði til prestar og sýslumenn sem þurftu að bregðast við fleiri en einu atviki af þessu tagi á starfsævinni. Til að mynda hafa fundist fjórir athyglisverðir úrskurðir um greftrunarmáta í kjölfar sjálfsvíga úr Rangárvallasýslu á síðustu árunum sem ákvæðin frá sautjándu öld giltu eða frá 1866 til 1870. Á þessum tíma var Hermann (Hermanníus) Elías Johnsson (1825–1894) sýslumaður.⁴² Sýna gögnin vel hvaða vinnubrögð hann viðhafði í þessum málum. Verður sérstaklega víkið að

⁴⁰ ÞÍ. Bps. CIII:16. Bréfabók biskups 1827. Biskup til setts prófests 4. apríl 1827 (bréfið ekki í réttri tímaröð). Sjá og: „Bréfagerðir um málið“, bls. 51–52.

⁴¹ ÞÍ. Bps. CIII:16. Bréfabók biskups 1827. Biskup til setts prófests 4. apríl 1827 (bréfið ekki í réttri tímaröð); „Bréfagerðir um málið“, bls. 52; „Kong Christian Den Femtis Danske Lov“, bls. 284 (gr. 2-10-4); *Danmarks og Norges Kirke-Ritual 1685* (IX kap.), bls. 114.

⁴² Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar anískrár 2*, Hið íslenska bókmenntafélag, 1949, bls. 351.

þeim síðar. Sömu leiðis komu tvö sjálfsvíg til kasta Sigurðar Árnasonar sóknarprestis á Hálsi.⁴³

Tafla. Fyrirkomulag greftrana í kjölfar sjálfsvíga 1800–1870.
Flokkuð er eftir ákvörðunaraðila og greftrunarmáta.

Ákvörðunaraðili/ greftrunarmáti	Amtmaður	Sýslumaður	Hreppstjóri	Prestur	Prestur og hreppstjóri	Samtals
Óheiðarleg		2	1			3
Ekki hátíðleg án moldunar		2		1		3
Ekki hátíðleg með moldun		4				4
Ekki hátíðleg vafi um moldun ⁴⁴	1	1		1		3
Hátíðleg	1	8			1	10
Óregluleg ⁴⁵				1		1
Óþekkt ⁴⁶		1				1
Samtals	2	18	1	3	1	25

Athuginin hefur hingað til leitt í ljós að þrátt fyrir að ákvæði dönsku og norsku laga Kristjáns V giltu hér til 1870 beittu dönsk stjórnvöld sér tvívegis (1848 og 1854) fyrir mildilegri framkvæmd þeirra. Auk þess virðist sönnunarbyrði fyrir því að um sjálfsvíg væri að ræða hafa verið þung. Bendir þetta til að mikilvægt hafi þótt að ekki skyldi hrapað að ályktunum um að svíplegt dauðsfall hafi í raun verið sjálfsvíg.

Verður nú vikið að sjálfri framkvæmd greftrananna. Byggist umfjöllunin á þeim fjórum flokkum sem markaðir voru hér framar.

„Óheiðarlegar“ greftranir

Við rannsóknina fundust aðeins þrjú staðfest dæmi um að fórnarlömbum sjálfsvíga hafi verið veitt „óheiðarleg“ greftrun eins og greftrun utan garðs var nefnd á nítjándu öld. Þar áttu tveir karlar og eina kona í hlut. Sýslumenn úrskurðuðu um greftrun karlanna og færðu ákvörðun sína í dómabækur. Hreppstjóri hlutaðist til um útför konunnar við erfiðar aðstæður.

Báðir karlarnir létust á fyrsta áratugi nítjándu aldar. Annar var bóndi í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu sem sannað þótti að hefði drekkt sér í lok árs 1804. Niður-

⁴³ Eru það atvikið frá Illugastöðum sem drepið hefur verið á og sjálfsvíg sem átti sér stað á bænum Kambsmýrum á Flateyjardalsheiði. Þá mæddi raunar meira á aðstodarpresti en sóknarprestinum í prestakallinu. Sjá m.a.: *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/4–3 Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1838–1843 [bókin ónúmeruð]; *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. B/24-3. Bréf. Þorsteinn Pálsson til sýslumanns 8. marts 1843.

⁴⁴ Hér er ekki um sérstakan flokk greftrana að ræða.

⁴⁵ Greftrunin á Illugastöðum 1826.

⁴⁶ Greftrun sem átti sér stað 1870 á grundvelli úrskurðar sýslumanns í Rangárvallasýslu. Drepið verður á hana síðar.

staða aukaréttar sem haldinn var í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd í janúar 1805 var á þessa leið:

Fleira kom ekki fram í máli þessu, [...]. Var því réttarins álit: Ad þar sem það er með samstemma vitna framburði sannad ad [NN] hafi hvorki af siúkdómi né witleisu, tekid lífid af sjálfum sér, heldur með yfirlögdu ráði, svo skulu og allar hans eptirlátar eigur ad löglegum skuldum fráteknum, undir kóng fallnar vera, en líkaminn disjast, hvar hentugt þykir nálægt þeim stad, er hann fyrirfór sér.⁴⁷

Í mars 1809 var réttað út af sjálfsvígi bónda úr Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu sem hafði hengt sig í verbúð vestur á Rífi. Þar sem „löghelgar“ (páskar) fóru í hönd og líkið var tekið ad lykta þótti brýnt ad grafa manninn. Var eigi ad síður krafist læknisskoðunar sem sjaldnast var kostur. Niðurstaða sýslumanns varð hliðstæð og í fyrra dæminu:

Daudur líkame [NN] má ei, sem af sjálfs hans völdum deyddur, grafast í kirkju edur kirkjugarde, heldur er hann efterlátin náúngum edur þeirra fullmektugum til grefrunar í öðru plátse, so skal og þessa sama [NN] búslód ad frádregnum öllum bevisanlegum [...] skuldum og þessa máls tilkostnade, vera upptæk og til konungs forbrotin.⁴⁸

Til merkis um ad maðurinn hefði verið með fullu ráði fyrir sjálfsvígið var tekið fram ad hann hafði daginn áður beðið eitt af vitnunum við réttarprófið ad sauma sér nýjar sjóbrækur. Þótti það ekki benda til ad hann hafi ekki verið með sjálfum sér eða óskað sér ad eiga skammt eftir ólifað. Ekki hafði heldur borið á andlegum veikindum hjá honum þótt hann hefði vissulega notað „ópolinmæðis orð“ ad undanfögnu. Skömmu áður hafði hann þó látið svo um mælt „[...] ad margt vildi sturla sig og það væri mikid ad meiga ekki taka af sér lífid.“⁴⁹ Ummælin benda til ad sjálfsvígshugsanir hafi verið teknar ad sækja á hann.

Báðir úrskurðirnir eru byggðir á bókstaflegri túlkun norsku laganna. Eini munurinn á þeim er ad í þeim fyrri er fyrirskipað ad líkið sé dysjað í nágrenni við sjálfsvígsstaðinn líkt og þegar stórbrotamenn voru grafnir nærri aftökustað. Í síðara skiptið var ættingjum eftirlátið ad ákveða hvar grafið yrði. Þó hefur væntanlega verið átt við afvikinn stað fjarri mannbústöðum. Eignir beggja voru auk þess gerðar upptækar. Þeir voru því báðir dæmdir til þyngstu refsingar samkvæmt norsku lögunum.

Um konuna sem grafin var utan garðs gegndi allt öðru máli. Á þorranum 1858 varð húsfreyjan á Þorvaldsstöðum í Heydalasókn fyrir því ad missa svefn en hún hafði þá lengi verið veik á geðsmunum. Varð ástand hennar slíkt ad hún gerði „[...] flesta hluti með óviti“ eða þannig ad hún vann verk sín „[...] frekar af vana enn viti“. Lauk svo ad hún örmagnaðist og skar sig á háls. Ekkillinn kvað sér hafa verið ókunnugt um ad tilkynna bæri atvikið til sýslumanns en sagðist hafa snúið sér til hreppstjóra sem hvatti hann til ad leita til prófasts um leiðsögn þar sem prestslaust var í kallinu. Hreppstjórinn virðist því ekki hafa verið meðvitaður um rétta boðleið í málum sem þessu. Sökum ýmissa báginda og sinnuleysis ekkilsins, sem og slæms tíðarfars, fórst þó fyrir ad gera frekari ráðstafanir. Líkið var svo grafið „[...] utan kirkjugards undir kirkjugardsveggnum“ án þess prestur væri viðstaddur „[...] eða nokkur rítus hafi verid vid hafður.“ Þegar líkið var flutt inn í kirkjuna (líklega til geymslu) var samt „lítið eitt hringt“ og einn

⁴⁷ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. GA/5-1. Dóma- og þingbók 1792–1810, bls. 157–160.

⁴⁸ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. GA/4-1. Dómabók Snæfellsness 1807–1814, bls. 118–119.

⁴⁹ Sama stað.

sálmur sunginn meðan verið var að byrgja gröfina. Greftrunin var því vissulega „óheiðarleg“ en þó strangt til tekið ekki í kyrrþey. Kvaðst ekillinn í öllu þessu hafa farið að ráðum hreppstjórans „[...] sem helsta manns sem vidstaddur var.“⁵⁰ Athygli vekur hversu seint á rannsóknartímabilinu þessi „óheiðarlega“ greftrun fór fram en þá höfðu dönsk stjórnvöld þegar beitt sér fyrir aukinni mildi í slíkum málum. Hreppstjóranum hefur líklega verið ókunnugt um það. Hér kann að skipta mestu að prestslaust var í sókninni en prestur hefði líklega ýtt frekar á um að úrskurðar sýslumanns yrði leitað. Eins og heilsufari konunnar var háttað, sem og algengustu málsmeðferð, má gera ráð fyrir að konunni hefði verið ákvörðuð „heiðarleg“ útför og jafnvel „hátíðleg“ hefði sýslumaður fengið tækifæri til að taka mál hennar fyrir áður en útförin fór fram en ekki eftir á eins og hér var raun á.

„Óheiðarleg“ greftrun konunnar um miðja öldina verður að teljast undan- tekningartilvik sem orsakast hefur af kringumstæðum og þekkingarskort. Þau tvö þekktu dæmi sem eftir standa eru bæði frá fyrsta áratugi aldarinnar. Á grund- velli þess er þó ekki hægt að slá því föstu að greftranir utan garðs hafi þar með verið úr sögunni.

„Ekki hátíðlegar“ greftranir með eða án moldunar

Hér framar var drepið á að þessi flokkur greftrana hafi myndað millistig milli þess að dysja fórnarlömb sjálfsvíga úti á víðavangi og að veita þeim kristna útför. Þessar greftranir hafa þó verið mismunandi þegar til kastanna kom og mestu munaði þá um moldunina. Alls hafa tíu dæmi fundist um útfarir af þessu tagi. Fram til 1850 má finna dæmi um þrjár „ekki hátíðlegar“ greftranir sem þó gefa ekki trausta mynd af framkvæmdinni. Ekki er t.d. hægt að úrskurða um hvort þær fóru fram með eða án moldunar. Frá þeim tíma fjölgar dæmunum og heimildir verða fyllri. Á tveimur síðustu áratugum rannsóknartímans er vitað um þrjár greftranir án moldunar og fjórar með moldun. Engin vafaatriði komu fram á því tímabili. Þetta kemur vitaskuld heim og saman við að á sama tíma fjölgar greftrunum sem heimildir hafa fundist um. Þó má benda á að 1848 og 1854 beittu dönsk stjórnvöld sér fyrir mildilegri túlkun laganna frá sautjándu öld. Því gæti verið að hér megi sjá ávöxt af þeirri viðleitni. Því verður þó ekki slegið föstu.

Prestur tók af skarið um eina af greftrunum án moldunar en sýslumaður réð ferðinni í hinum tveimur. Um aðra þeirra hefur aðeins fundist frásagnar- heimild en engin formleg skjöl. Því þarf að hafa ákveðinn fyrirvara um hana. Er sýslumaður sagður hafa úrskurðað í málinu en ekki verður séð hvort hann leyfði

⁵⁰ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu. GA/5-2. Dóma- og þingbók 1858–1865, bls. 25–27. — Víða á Norður- löndum hefur verið talið að fólk sem ekki átti leg í vígðum reit lögum samkvæmt hafi verið grafið inn undir kirkjugarðsvegginn og þannig a.m.k. að hluta náð að hvíla í vígðri mold. Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsavinni*, Mál og menning, 1996, bls. 411. Þannig segir t.d. að farið hafi verið að við greftrun Solveigar Þorleifsdóttur[?], þ.e. Miklabæjar-Solveigar, 1778. Jón Jóhannesson, „Þáttur af séra Oddi á Miklabæ og Solveigu,“ *Grima hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenskra* 2, útg. Þorsteinn M. Jónsson, Bókauktáfan Þjóðsaga, 1969, bls. 307–329, hér 308–309. Samkvæmt algengri íslenskri málvenju getur „undir kirkjugarðsveggnum“ einnig merkt fast upp við vegginn. Ekki skal hér tekin afstaða til þess um hvora merkinguna er að ræða. Hvor heldur sem er virðist ljóst að staðsetningin vikur frá því sem lög gerðu ráð fyrir en dys átti að vera á afviknum stað fjarri bústöðum.

moldun. Útförin fór á hinn bóginn fram án prests.⁵¹ Moldum hefur því ekki verið kastað. Eins og fram er komið þurfti yfirvaldið að veita sérstaka heimild fyrir moldun og ákvarðaði sýslumaður um allar fjórar „ekki hátíðlegar“ greftranir sem fóru fram með moldun.

Ein af „ekki hátíðlegu“ greftrununum hefur nokkra sérstöðu. Þar greip prestur til sinna ráða — að vísu undir þungum þrýstingi. Þetta var í tilfelli vinnukonunnar á Illugastöðum í Fnjóskadal 1826 sem vikið er að varðandi lagatúlkun hér frammar. Sóknarprestinum á Hálsi hafði strax verið gert viðvart. Lagði hann fyrir sendimanninn sem flutti honum tíðindin að sýslumanni yrði þegar tilkynnt um atvikið. Tilkynningarskyldunni var þó ekki fullnægt og líkskoðun sem presturinn fyrirskipaði virðist hafa verið losaraleg. Húsbóndi stúlkunnar, Kristján Jónsson (1771–1844) hreppstjóri, hafði verið að heiman þegar atvikið varð. Presturinn messaði á Illugastöðum þremur dögum eftir að honum hafði verið tilkynnt látið. Var Kristján þá kominn heim. Átaldi hann prestinn fyrir að hafa ekki brugðist hraðar við og grafið stúlkuna en ekki ætti að láta lík standa uppi á hlýjasta tíma ársins lengur en nauðsyn væri. Jarðarfarir fóru þó á þessum tíma iðulega fram í tengslum við guðsþjónustur svo að torvelt er að sjá að fyrr hefði verið brugðist við þótt öðruvísi hefði staðið á. Kom til snarpra deilna milli þeirra. Krafðist hreppstjórinn þess að presturinn jarðaði stúlkuna þegar í stað, ella mundi hann sjálfur dysja hana einhvers staðar á landareign sinni. Lét presturinn þetta eftir hreppstjóranum af meðaumkun með stúlkunni og til að forðast frekari illindi. Við greftrunina kastaði hann á kistuna moldum og söng sálma þegar mokað var ofan í gröfina.⁵² Útförin fór því vissulega ekki fram í kyrrþey þótt hún væri samt sem áður „ekki hátíðleg“. Útförin verður af þessari ástæðu að teljast hafa verið óregluleg miðað við það sem opinber fyrirmæli kváðu á um.⁵³ Kann þetta að hafa stafað af því að presturinn framkvæmdi athöfnina strax í kjölfar harðrar deilu og var að eigin sögn í uppnámi.⁵⁴ Þá má kenna reynsluleysi um. Ekki er þó hreppstjóranum um að kenna í þessu efni. Hann þrýsti aðeins á að greftrunin færi fram en ekki á hvern hátt hún yrði. Prestinum var í framhaldinu gert að greiða sekt þar sem atvikið hafði ekki verið tilkynnt til sýslumanns áður en greftrunin fór fram en í því fólst brot bæði gegn dönsku/norsku lögunum og kirkjuritúalnum fyrir Danmörku og Noreg frá 1685 en þar er vissulega fjallað um greftrun fólks er látist hafði af óþekktum ástæðum.

Oft eru mjög takmarkaðar upplýsingar um framkvæmd „ekki hátíðlegra“ greftrana. Árið 1849 skar sig t.d. á háls langt leiddur brjóstveikisjúklingur til heimilis á Staðarhöfða á Akranesi. Er þetta eitt af örfáum tilvikum þar sem

⁵¹ *Grima hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenskra 1*, útg. Þorsteinn M. Jónsson, Bókauktgáfan Þjóðsaga, 1969, bls. 95.

⁵² *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/03-2. Dóma- og þingbók 1818–1830*, bls. 244–249. — Svipað atvik kom upp í Skagafyrði um miðjan fjórða áratug nítjándu aldar. Þar hengdi sig snauður bóndi sem var álitinn vera heilbrigður til sálar og líkama. Sóknarpresturinn var óviss um hvert umboð sitt væri en sýslumaður ákvað að grafið skyldi utarlega í kirkjugarði. Ekkert hefur komið fram um framkvæmd en líklegt er að jarðarförin hafi farið fram í kyrrþey en óvissa er um moldun. *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. BA/05-3. Dóma- og þingbók Skagafjarðarsýslu 1835–1838*, 96r–99r; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GB/5-17. Fylgiskjöl dómsmála. J. Samsonsson til sýslumanns 13. júlí 1835; Jón Espólin og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 3*, Íðunn, 1978, bls. 49.*

⁵³ Í bréfaskiptum biskups og amtmanns kom fram sá skilningur að jarðarförin hefði farið fram með „[...] Jordpaa-kastelse og övriga sædvanlige Ceremonier“. Ekki er vitað á hverju sú staðhæfing er byggð. *ÞÍ. Bps. CIII:15. Bréfabók biskups 1826. Biskup til amtmanns 23. október 1826.*

⁵⁴ *ÞÍ. Bps. CIII:16. Bréfabók biskups 1827. Biskup til setts prófests 4. apríl 1827 (bréfið ekki í réttri tímaröð). Sjá og: „Bréfagerðir um málið“, bls. 51–52.*

líkamlegur sjúkdómur var talinn hafa leitt til sjálfsvígs á níttjándu öld.⁵⁵ Maðurinn var grafinn í kirkjugarði á Görðum í návist prests án þess að sýslumaður hefði úrskurðað um það.⁵⁶ Því verður að líta svo á að prestur hafi ákveðið útfararmátann. Ekki kemur fram hvar í garðinum var grafið né hvort presturinn hafði einhverja helgisiði um hönd. Verið getur að með viðveru sinni hafi hann aðeins viljað vaka yfir að allt færi sómasamlega fram og raunverulega í kyrrþey. Annars hefðu viðstaddir t.d. getað hafið sálmasöng meðan á greftruninni stóð. Gleggri upplýsingar liggja fyrir um svipað tilvik nokkrum árum síðar (1854). Þá hafði karl, til heimilis á Kinnarstöðum við Þorskafjörð, drekkt sér. Sóknarpresturinn tilkynnti sýslumanni eftir á að hann hefði grafið hinn látna yst út undir kirkjugarði og án hringingar eða nokkurrar viðhafnar.⁵⁷ Í báðum tilvikunum er ljóst að prestarnir hafa tekið sér vald fram yfir það sem yfirvöld gerðu ráð fyrir.

Gott dæmi um „ekki hátíðlega“ greftrun er útför vinnumanns í Svefneyjum á Breiðafirði sem skar sig á háls milli jóla og nýárs 1854 en um þá útför varð nokkur rekistefna þar sem ljóst þótti við réttarpróf að húsbóndi hans, efnaður merkismaður, hefði gróflega vanrækt skyldur sínar við manninn sem lifað hafði á annan sólarhring eftir atvikið. Var bóndinn dæmdur í sekt fyrir vikið.⁵⁸ Eftir á tjáði hann sig um málsatvik í *Þjóðólfi* og vildi þá gera hlut sinn sem bestan. Kvaðst hann hafa skrifað Ólafi Sívertsen (1790–1860), prófasti í Flatey, formlegt bréf er líkið var flutt til kirkju þar sem hann hefði óskað þess og krafist „[...] að lík [NN] heitins fengi alla lögboðna þjónustu [...]“. Hefur hann því krafist „hátíðlegrar“ útfarar. Rökstuddi hann mál sitt með því að vinnumaðurinn hefði verið sinnisveikur er hann vann sér banameinið og auk þess dáið sem iðrandi syndari. Jón Thoroddsen (1819–1868), sýslumaður og skáld, hefði þó aðeins heimilað greftrun í kyrrþey en þó með moldun.⁵⁹ Prófasturinn hafði áður verið kallaður til mannsins, einkum vegna þess að hann hafði fengist við lækningar og ekki voru tók á að ná til læknis. Var prófasturinn yfir mannum uns hann lést og hafði dáðst að sálarstyrk hans á dauðastundinni en maðurinn hafði komist til fullrar meðvitundar og tjáð sig á guðrækilegum nótum. Hann stríddi við miklar sálar- og samviskukvalir vegna eiðs sem hann hafði svarið sem vitni í barnsfadernismáli og hann óttaðist að hefði verið rangur. Aftur á móti virðist hæpið að líta svo á að hann hafi verið haldinn geðsjúkdómi.⁶⁰ Vegna iðrunarmerkja sem maðurinn sýndi virðast fullgild kirkjuleg eða guðfræðileg rök fyrir að honum hefði mátt veita „hátíðlega“ útför. Sýslumaður hefur á hinn bóginn ekki viljað ganga lengra en lagabókstafurinn heimilaði þrátt fyrir að dönsk stjórnvöld væru tekin að beita sér fyrir aukinni mildi.

Áður var drepð á vandaða málsmeðferð Hermanns Johnsson, sýslumanns í Rangárvallasýslu, í fjórum sjálfsvígmálum í lok rannsóknartímans. Atvik voru með misjöfnu móti og krafðist hver úrskurður síns rökstuðnings þótt framkvæmdin yrði hliðstæð í tveimur tilvikanna. Tveir úrskurðanna kváðu á um „ekki

⁵⁵ Hjalti Hugason, „Meintar ástæður“ sjálfsvíga“, bls. 55.

⁵⁶ *Þf.* Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. EA1/1-3. Auka-Dómabók Borgarfjarðar 1842–1856, bls. 55r–55v.

⁵⁷ *Þf.* Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. A/2. Bréfadagbók 1851–1861, nr. 534.

⁵⁸ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveitasamfélag“, bls. 22–23.

⁵⁹ E. Einarsson, „Rétt er bezt, en rángt er verst“, *Þjóðólfi* 15. ágúst 1855, bls. 117–118.

⁶⁰ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg og sveitasamfélag“, bls. 23.

hátíðlegar“ útfarir, einn um „hátíðlega“ útför en í eitt skiptið er ekki ljóst hvernig jarðarförinni skyldi háttað.

Síðsumars 1866 hengdi sig bóndi í sýslunni. Haldið var réttarpróf og fært til bókar í lok þess að hlutaðeigandi sóknarpresti yrðu send skrifleg fyrirmæli um greftrun hins látna. Bóndinn var sagður stilltur, siðprúður og hógvær en hefði átt vanda til þunglyndiskasta þótt lítið hefði borið á þeim síðustu misseri. Skömmu áður hafði þó sótt í svipað far með svefnleysi. Kom svo að hann bað konu sína að ljá sér glas með skeiðvatni (saltpéturssýru) sem hún notaði til litunar. Hafnaði hún bóninni og hefur hana að líkindum grunað í hvað stefndi.⁶¹ Ekki lét sýslumaður dragast að gera ráðstafanir um greftrunina og ritaði prestinum þegar daginn eftir réttarprófið. Er bréfið ítarlegt og þar eru bæði línurnar um greftrunarmátann lagðar og forsendurnar sem gengið var út frá skýrðar. Um síðarnefnda atriðið segir:

Jafnvel þó ekki verdi efast um, að sá látni hafi ráðid sér sjálfum bana, með ásettu ráði, er það þó bæði upplýst og mér og öðrum, sem þekktu hann kunnugt, að hann ad allra áliti var, siðprýdis og ráðvendismadur, en hefir um undanfarin ár, með köflum verid illa haldinn af þunglyndi, og líka verdur við þess háttar tækifæri, ad hafa hæfilegt tillit til þeirra, sem eptir lífa, og ekki ad auka á mæðu þeirra med strangleika í dómum, um slíka atburdi framar en lögin vægast heimila.⁶²

Að teknu tilliti til þessa taldi sýslumaðurinn að greftrunin ætti að fara fram með eftirfarandi hætti:

Ég álít því réttast uppá væntanlegt samþykki stípt- og suduramtsins, viðvíkjandi greptrun hins látna ad úrskurða þannig: ad lík nefnda [NN] meigi grafa innan kirkjugards á Keldum á afviknum stad í kirkjugardinum, og ad prestur kasti moldum á það, en ad engar adrar hvorki kirkjulegar né borgaralegar hátíðlegar athafnir séu vidhafdar það er ad skilja: hvorki sé líkid borid í kirkjuna, klukkum hringt, né söngur vidhafdur, en líkid strax látid í gröfina þegar komid er með það frá heimili hins látna, moldum kastad á það, en engar adrar athafnir vidhafdar, en gengid frá gröfinni á vanalegan hátt í mestu kyrrþey, og eru þér Velæruverdugur Herra mér víst samdóma í því, ad fjölmenn líkfylgd eigi ekki ad vera vid slíka greptrun og engin vidhöfn eptir á.⁶³

Hér var því úrskurðað um „heiðarlega“ útför í kyrrþey en þó með moldun eins og heimilt var þegar sérstaklega stóð á. Líklega hefur þar verið tekið mið af hve gott orð fór af mannum. Ekki átti að grafa líkið á messudegi á kirkjunni en þá var við búið að margmenni yrði á staðnum. Slíkt gat ýtt undir að viðhöfn og formlegheit yrðu meiri en ætlast var til. Presti var svo heimilað að kalla til annan hvorn hreppstjórnann í hreppnum til að vera viðstaddur þætti honum þess þurfa. Gæti það bent til að sýslumaður hafi óttast að viðstaddir myndu á einhvern hátt brjóta gegn fyrirmælunum, t.d. með söng, og því veitti ekki af að hafa löggæslu á staðnum. Loks var prestinum uppálagt að gefa sýslumanni skýrslu um hvernig jarðsetningin hefði farið fram.⁶⁴ Sýslumaðurinn tók greinilega mið af leiðbeiningunum sem gefnar höfðu verið á fimmta og sjötta áratugnum en virðist þó tæpast hafa nýtt til fulls það rými sem fólst í fyrirmælunum. Sjúkdómsástand mannsins vekur spurningu um hvort mannum hefði hugsanlega borið hátíðlegri útför.

Þremur árum síðar þingaði Hermann sýslumaður aftur í sjálfsvígsmáli. Að þessu sinni átti í hlut ungur og efnilegur bóndi af vel metnu bændafólki sem sett

⁶¹ Þf. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/5-3. Dóma- og þingbók Rangárþings 1865–1869, bls. 31–33.

⁶² Þf. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. C/10. Bréfabók 1865–1868. Sýslumaður til sóknarprests 2. ágúst 1866.

⁶³ Sama stað. — Þegar sagt er „gengið frá gröfinni“ er átt við að ofan í hana sé mokað eins og venja var til.

⁶⁴ Sama stað.

hafði saman bú fáum misserum áður. Hafði hann verið sakaður um að hafa markað upp allmargt fé undir sitt mark og var rannsókn í máli hans nýhafin. Ekkert bendir til að maðurinn hafi liðið neyð og hefur því verið um auðgunarbrott að ræða. Ekkert bendir heldur til að hann ætti við geðrænan vanda að stríða. Á hinn bóginn virðist samviska hans hafa verið þjökuð en hann er eini maðurinn á rannsóknartímanum sem vitað er með vissu að hafi skilið eftir sig kveðjubréf og hafði það einkum að geyma fyrirbærir og raunatölur.⁶⁵ Líkt og í fyrra tilvikinu ritaði sýslumaður hlutaðeigandi sóknarpresti bréf þegar að réttarprófi afstöðnu og úrskurðaði um greftrun mannsins með sama hætti og í fyrra tilvikinu nema nú var nærvera hreppstjóra fyrirskipuð. Gæti það bent til að ekki hefði veitt af nærveru réttvísinnar í fyrra tilvikinu. Um rökin fyrir úrskurðinum segir svo:

Jafnvel þó eins og áður er sagt, enginn efi sé á, að maður þessi hafi með fullu og ásettu ráði stytt daga sína og jafnvel þó högum hans væri komið eins og yður er kunnugt, þykir at tilliti til vanheillrar ekkju og sármæddra foreldra hans réttast uppá væntanlegt samþykki stiptamtsins að úrskurda um greptrun hans [...].⁶⁶

Að þessu sinni gætti sýslumaður greinilega sál-gæslulegra sjónarmiða en ekkjan var vanfær og sinnulítill vegna atburðarins og hafði henni þess vegna verið hlífð við að koma fyrir réttinn.

Hér gæti komið til álita að maðurinn var sakaður um sauðabjófnað, eitt af þeim brottum sem litin voru hvað alvarlegustum augum í sveitasamfélaginu. Dómur hafði þó enn ekki gengið í málinu. Engar mildandi kringumstæður voru sem sé fyrir hendi í þessu tilviki og má líta svo á að lögum samkvæmt hefðu verið fullgildar ástæður til að dæma manninn til „óheiðarlegrar“ greftrunar, þ.e. utan garðs. Eins og fram er komið höfðu dönsk stjórnvöld þegar hlutast til um mannúðlegri stefnu í þessu efni og hefur það sýnilega haft tilætluð áhrif hér. Nýju hegningarlögin voru nú einnig í burðarliðnum.

Hermann þingaði í þriðja málinu í febrúar 1870 en nýju hegningarlögin höfðu þá verið samþykkt árið áður og gengu í gildi síðsumars þetta ár. Í hlut átti vinnumaður á Reyðarvatni sem fundist hafði hengdur í beitarhúsi frá bænum. Læknir hafði verið sóttur og taldi hann vafalaust að maðurinn „[...] hefði af yfirlögdu ráði týnt sér.“ Bóndinn á bænum kvað einu sinni hafa orðið vart geðveiki hjá mannum sem þá hafði verið staddur í veri. Þá sagði hann „[...] þúngsinni [...] ættgengt nær og fjær í ætt hans.“ Ekki hafði þó orðið vart við geðveiki eða þunglyndi á honum um veturinn þótt hann virtist fátalaðri og þegjandalegri seinasta hálfu mánuðinn en hann átti að sér. Ekki vissu menn til að hann hefði sett neitt sérstakt fyrir sig eða misst eðlilegan svefn. Niðurstaða sýslumanns varð þessi: „Það enginn efi þykir á að sá dani hafi sjálfur ráðið sér bana, álist ekki þörf á frekara prófi um það og verður gjörð ráðstöfun fyrir greptrun hans einsog lög mæla fyrir um það.“⁶⁷ Heimildir hafa ekki fundist um hver hún var.

Þegar Hermann Johnssen felldi úrskurði sína hefur hann væntanlega stuðst við nýlega út komið kirkjuréttarrit Jóns Péturssonar háyfirdómara frá 1863, auk fyrrgreindra leiðbeininga frá 1848 og 1854. Sýna úrskurðir hans framsæknari lögfræði en fram kemur hjá Jóni. Jón vitnaði einungis til þess sem bannað var

⁶⁵ Þf. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/6-1. Dóma- og þingbók Rangárþings 1869-1872, bls. 20-24.

⁶⁶ Þf. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. C/11-1. Bréfabók 1868-1869. Sýslumaður til sóknarprests 27. júlí 1869.

⁶⁷ Þf. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/6-1. Dóma- og þingbók Rangárþings 1869-1872, bls. 51-52.

samkvæmt kansellíbréfinu frá 1833. Sýslumaður tók á hinn bóginn ríkara tillit til þess sem það leyfði. Sýslumaður gætti líka sálgæslulegra sjónarmiða.

Um svipað leyti og Hermann sýslumaður felldi úrskurði sína má finna hliðstæða niðurstöðu hjá sýslumanninum í Skagafirði. Samkvæmt henni átti að grafa hinn látna „[...] í kirkjugarði með moldar áaustri en án söngs og hringingar.“⁶⁸ Í hlut átti sonarsonur Odds Gíslasonar, þess sem hvarf frá Miklabæ, og stríddi hann við geðveiki. Presturinn var viðstaddur réttarprófið og fékk munnleg fyrir-mæli þar á staðnum.⁶⁹

„Heiðarlegar“ en „ekki hátíðlegar“ greftranir mynduðu millistig milli dysjunar á víðavangi og kirkjulegrar útfarar. Athyglisvert er að flest þekkt dæmi um þær eru frá síðari hluta rannsóknartímans, þ.e. eftir að dönsk stjórnvöld höfðu tekið að beita sér fyrir mildari framkvæmd á lagaákvæðunum frá sautjándu öld en tíðkast hafði. Bendir það til að viðleitni þeirra hafi borið árangur hérlendis. Athugunin staðfestir svo a.m.k. að sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hefur farið eftir þeim í úrskurðum sínum undir lok rannsóknartímans.

„Hátíðlegar“ greftranir

Tíu staðfest dæmi hafa fundist um tilvik þar sem „hátíðlegar“ greftranir voru heimilaðar í kjölfar sjálfsvíga. Dreifast þau á mestan hluta rannsóknartímans. Amtmaður heimilaði eina þessara útfara.⁷⁰ Sýslumenn úrskurðuðu um flestar hinna.⁷¹ Í öllum tilvikunum voru úrskurðir byggðir á heilsufarsástandi fólksins sem átti í hlut. Hreppstjóri og prestur stóðu að einni í félagi og fóru þar, vel að merkja, langt út fyrir umboð sitt.

Elsta dæmið er frá 1818; snemmsumars það ár skaut maður sem ekki gat gert neina grein fyrir sér upp kollu á bæjum suður við Hvítá í Borgarfirði. Lauk hrakningum hans svo að hann hengdi sig er hann var staddur í Ferjukoti. Niðurstæða sýslumanns eftir réttarpróf varð þessi:

Af framanstandandi skýrslum má ráða með fullri vissu, að maður sá sem þar er um vitnad hefur víst verið rænuskertur fáráðlingur meínlíttill og úrræðalaus og hefur vafalaust af einberum volæðisskap og rænuleysi lagt hendur á síalfan sig. Ályktast því: Ad lík hans skuli jarðast í kirkjugarði með öllum tilhlíðilegum síðum [...].⁷²

⁶⁸ *Df.* Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GA/7–3. Dóma- og þingbók 1865–1869. bls. 64r–65r.

⁶⁹ Sama stað.

⁷⁰ *Df.* Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. B/24. Bréf. Settur amtmaður til sýslumanns 25. mars 1843.

⁷¹ *Df.* Sýslumaðurinn í Árnassýslu. C/14. Bréfabók 1865–1870. Sýslumaður til sóknarprests 3. desember 1865 (bókin er til skaða trossuð á hægri kanti); *Df.* Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. GA/1-3; *Df.* Sýslumaðurinn í Strandasýslu. GA/1-4. Dóma- og þingbók Strandasýslu 1850–1863, ónúmeruð; Sýslumaðurinn í Húnavatnsýslu. B/15. Bréf 1837–1838. Eiríkur Bjarnason til sýslumanns 19. október 1837; *Df.* Sýslumaðurinn í Húnavatnsýslu. B/15. Bréf 1837–1838. Sýslumaður til Eiríks Bjarnasonar 20. október 1837; *Df.* Sýslumaðurinn í Húnavatnsýslu. C/6. Bréfabók 1836–1839. Sýslumaður til Eiríks Bjarnasonar 21. október 1837 (sýslum. var staddur á Hnausum er bréfið var sent, það líklega innfært í bréfabók eftir minni); *Df.* Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. B/24. Bréf. Settur amtmaður til sýslumanns 25. mars 1843; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar* 2, Hallgr. Pjetursson, 1924–1929, bls. 99; Gísli Konráðsson, *Húnavetninga saga* 3, útg. Jón Torfason, Mál og mynd, 1998, bls. 763. Sjá og tilvísanir í málum sem fjallað er um sérstaklega.

⁷² *Df.* Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. GA/1-3. Dóma- og þingbók 1816–1835, bls. 244–248.

Af heilsufarsástæðum fékk hinn nauðstaddi maður því „heiðarlega“ útför samkvæmt helgisíðum kirkjunnar, hversu hátíðleg sem hún kann svo að hafa verið með tilliti til stöðu hans á jaðri samfélagsins. Í öllu falli hefur hún ekki þurft að fara fram í kyrrþey og maðurinn hefur hlotið moldun. Athygli vekur hve snemma á rannsóknartímanum þessi heimild er veitt til heiðarlegrar greftrunar og það vegna manns sem stóð svo höllum fæti.

Í mars 1852 skaut sig til bana lausamaður til heimilis á Hjöllum í Þorskafirði.⁷³ Áður en réttarpróf fóru fram var hann grafinn austan til í kirkjugarðinum í Gufudal. Hreppstjórinn, sem hafði látið sér annt um manninn, hafði látið smíða utan um líkið og stóð að öðru leyti fyrir útförinni að beiðni hins látna. Sóknarpresturinn annaðist útförina „[...]“ og var öll hin sama adferd við höfd sem við hvern annan kristinn mann sem andast, kastad á hann rekum og sungid yfir gröf hans og presturinn hélt ræðu í kirkjunni.“ A.m.k. eitt vitni við réttarpróf sem ekki var haldið fyrr en eftir útförina kvaðst hafa undrast viðhöfnina þar sem það hefði heyrt að slíkt tíðkaðist ekki þegar svona stæði á.⁷⁴ Ákvarðanatöku um útförina lýsti hreppstjórinn svo:

Þegar maðurinn var fundinn og jeg var kominn heim til mín, þá skrifaði jeg prestinum og sagdi honum að [NN] væri vofeiflega dauður og þæred það kynni að þykja vafasamt hvort hann mætti njóta kristinna legstadar þá beiddi jeg hann að láta mig vita hvört hann tæki við honum til legstadar, sem jeg vildi mælast til svo framarlega að hann sæi það ekki lögum og venju á seinni árum mótstríðandi. Þessu svaradi prestur svo að hann tæki við honum og gat þess um leid að sá andadi mundi hafa verið sinnisveikur og enginn vissi með hvada skapi hann dáid hefði [...] og framfór jardarför [NN] að Gufudal [...] upp á venjulegan hátt.⁷⁵

Bæði presturinn og hreppstjórinn höfðu haft afskipti af karlinum undir ævilokin þegar heilsu hans fór hrakandi með vaxandi áhyggjum og kvíða. Hafa þeir því talið sig dómbæra á ástand hans. Hafa þeir litid svo á að hugarvél hans væri sjúklegt og af geðrænum toga. Líklegt er að það hafi átt við rök að styðjast þrátt fyrir að einnig megi líta svo á að trúarlegar vangaveitur eða vél hafi valdið honum hugarangri.⁷⁶ Athygli vekur hins vegar að hvorugur hafði gert sýslumanni aðvart en hann hóf loks rannsókn að útförinni afstaðinni samkvæmt skipun amtmanns.⁷⁷ Í tengslum við réttarprófið var líkið grafið upp og skoðað af héraðslækni en síðan lagt í gröfina að nýju og „jörðu falið.“⁷⁸ Yfirvöld hafa því óformlega fallist á að maðurinn hafi ætti heimtingu á „hátíðlegri“ útför af heilsufarsástæðum. Líta verður svo á að hér hafi hreppstjórinn og presturinn sameiginlega mótað útförina. Hreppstjórinn átti frumkvæðið en presturinn hlaut að bera alla formlega ábyrgð á framkvæmdinni.

Fyrir kom að skiptra skoðana gætti um tildrög dauðsfalla og þá í framhaldinu hvernig halda skyldi á málum. Í byrjun apríl 1852 ritaði Sigurður Árnason (1798–1879), hreppstjóri í Höfnum á Skaga, Arnóri Árnasyni (Arnesen, 1807–1859), sýslumanni Húnavetninga, einkabréf og skýrði honum frá hvarfi vinnukonu sinnar úr rúmi að næturlagi en hún fannst látin niðri við flæðarmál daginn eftir.

⁷³ Hjalti Hugason, „Meintar ástæður“ sjálfsvíga“, bls. 58–59.

⁷⁴ *Df.* Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 70–108 (einkum 78, 89–90, 92, 97).

⁷⁵ Sama heimild, bls. 105.

⁷⁶ Hjalti Hugason, „Meintar ástæður“ sjálfsvíga“, bls. 58–59.

⁷⁷ *Df.* Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 70.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 108.

Hafði hún verið veik en Sigurður taldi veikindi hennar „[...] hafi meiri verið á sál en líkama“. Konan var komin yfir fertugt og lét eftir sig tvær ungar dætur. Tveimur dögum síðar ritaði Sigurður svo formlegt bréf þar sem hann óskaði eftir heimild til jarðarfarar miðvikudaginn fyrir skírdag. Helsta ástæða þessa síðara bréfs voru neikvæð viðbrögð sóknarprestsins við sams konar beiðni sem Sigurður hafði beint til hans. Óttaðist presturinn greinilega að um sjálfsvíg hefði verið að ræða. Gekk Sigurður því með réttu út frá að málið heyrði að svo komnu undir sýslumanninn. Vildi hann nú upplýsa nánar um ástand konunnar. Hún hafði misst sjón á öðru auga og hitt var orðið veikt og óttaðist hún því fullt sjónleysi. Þá hafði hún verið veik um þriggja vikna skeið og einkum kvartað um „hjartveiki og dofapingsl í höfði“, verið fálát og hrygglynd, auk þess að stríða við andvökur. Hjartveiki merkti á þessum tíma þunglyndi. Ekki hafði þó orðið vart við óráð hjá henni og því síður minnstu sjálfsvígspanka. Þvert á móti taldi Sigurður hana hafa sýnt traust til guðlegrar forsjónar. Gat hann sér þess til að konan hafi vaknað upp í „[...] óráði eða svima og ráfad burt í blindni sálar og sjóndepurd líkamans [...]“. Þótt hún hefði e.t.v. upphaflega gengið út til að leita sér svölunar „[...] mátti hennar veika höfud strax gagntakast til fulls óráds.“ Kvaðst hann fyrr kjósa að þingað yrði um málið „[...] enn trúu, hollu og ráðvöndu hjúi [sínu] yrði synjað sæmilegrar greptrunar, skal hún ekki missa sín seinustu réttindi fyrir afskipaleysi mitt.“ Þarna lagði hann áherslu á ósjálfræði konunnar. Kvaðst hann treysta því að sýslumaður efaðist ekki um að henni bæri „[...] jarðarför með vanalegum kyrkjusidaháttum“ þar sem aðeins væri um að ræða grunsemd prestsins um sjálfsvíg.⁷⁹ Má hér sjá dæmi um bónda sem þrýstir á um að hjú sitt hljóti „hátíðlega“ útför.

Á sama méli tilkynnti Jón Auðun Blöndal (1825–1878), prestur á Hofi á Skagaströnd, Jóni Jónssyni (1808–1862), prófasti í Steinnesi í Þingi, látið sem og hugmyndir Sigurðar hreppstjóra um hvernig það hefði borið að. Áleit hann þá skýringu fram komna sökum þess að Sigurður teldi konuna ekki af ásettu ráði hafa átt sök á dauða sínum. Hann kvaðst ekki vera sannfærður um að um slys hefði verið að ræða heldur teldi hann aðstæður benda til að lífsleiði frekar en ráðleysi hafa verið samfara veikindum konunnar. Því væri vafi á hvort dauðsfallið hefði orðið af hennar sjálfrar völdum eða ekki og hann því í vafa um hvort honum væri leyfilegt að grafa konuna í kirkjugarði og varpa á hana rekunum.⁸⁰ Prófastur sendi bréfið áfram og eftirlét sýslumanni að úrskurða um hvort dauðsfallið ætti „[...] að álitast náttúrulegt eða sjálfskapad“, hvort greftrun ætti að fara fram í kirkjugarði eða ekki og hvort grafið skyldi með venjulegum kyrkjusiðum eða í kyrrþey án söngs og moldunar. Vissulega var prófasturinn ekki hlutlaus heldur vísaði hann bæði í kirkjuritúal Kristjáns V Danakonungs frá 1685 og í bréf í kirkjustjórnarinnar frá í febrúar 1850 um skilyrði fyrir því að prestar mættu kasta moldum á lík. Loks áleit hann að hugsanlega þyrfti að leita úrskurðar amtmanns en tímans vegna væri æskilegra að sýslumaður tilkynnti prestinum beint

⁷⁹ Þf. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. B/24. Bréf 1852–1853. Sigurður Árnason til sýslumanns 3. og 5. apríl 1852.

⁸⁰ Þf. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. B/24. Bréf 1852–1853. Sóknarprestur til prófests 5. apríl 1852.

um greftrunarmátann og viki þar með frá rétttri boðleið sem var að svara prófasti sjálfum enda styttist nú til páska.⁸¹

Sýslumaður brást hratt við og skrifaði prestinum um leið og honum barst bréf prófasts. Þar kvaðst hann líta svo á að líklegasta atburðarásin hefði verið sú að ráðleysi konunnar hefði valdið því að hún yfirgaf hvílu sína um nóttina án þess að mögulegt væri að eigna henni ásetning um að stytta sér aldur. Taldi hann allt eins líklegt að „[...] hún örmagna af þreytu og veikindum hafi lagt sig, eða hnígid niður í fjöruna, í næturmyrkrinu, án þess að gera sér grein fyrir hve nálægt hún var sjávarmáli [...] einsog að ímynda sér, að hún með ásetningi hafi drekkt sér.“ Hún hefði síðan orðið innkulsu og látist á örskömmum tíma. „Eg get þessvegna ekki álitid neitt óleyfilegt í því að [NN] verdi grafin á venjulegan hátt, með sömu helgihöldum sem almennt skedr.“⁸² Sýslumaðurinn var því sammála Sigurði í Höfnum um tildrögin og úrskurðaði á grundvelli þess og hefur líklega einnig tekið mið af ráðuneytisbréfunum 1848 og 1854.

Tilvikið sýnir að húsbóndi hinnar látnu stóð með henni og færði rök fyrir að um slys hefði verið að ræða og ætti að taka tillit til þess við greftrunina. Kirkjunnar menn vildu sýnilega fara varlegar og horfa til laganna án þess þó að axla fulla ábyrgð í því efni enda heyrði málið ekki undir þá. Sýslumaður fór aftur á móti mjúku leiðina og úrskurðaði að hátíðleg útför skyldi fara fram.

Á jóladagsmorgun 1853 skar sig á háls Baldvin Hinriksson (f. 1799) járnsmiður á þáverandi aðsetursstað sínum, Þverá í Hallárdal. Blaðaskrif sem spunnust í kjölfarið fjölluðu ekki aðeins um atvikið sjálft heldur einnig hvernig standa ætti að greftrun þeirra sem fundust voveiflega látin og hvort slík mannlát væru almennt rannsökuð nægilega vel áður en lík væru grafin. Sökum þessara miklu skrifa og fyrirferðar málsins í samtíma sínum er hér vikið frá þeirri nafnleynd sem almennt er viðhöfð í greininni.

Ritstjóri *Þjóðólfs* taldi að oft vantaði mikið á að voveifleg mannlát væru nægilega rannsökuð. Benti hann á að konunglegt bann lægi við

[...] að kasta moldu á menn, er bráðdaudir finnast á víðaváangi eður annarstaðar, og sem menn ekki „vita“ hversu dáið hafa, fyr en búid er að gefa það yfirvaldinu til vitundar, og fyr *en yfirvaldið* er búid að rannsaka um dauða þeirra.⁸³

Var þessi framgangsmáti byggður á fyrirmælum í dönsku/norsku lögunum og kirkjuritúali Kristjáns V frá 1685.⁸⁴ Taldi ritstjórinn að almennt hefði verið farið eftir þessu til skamms tíma enda væri það nauðsynlegt ef stjórnvöld vildu reyna að fækka „mordum og sjálfalífum.“⁸⁵ Kvað hann raunar mikið velja á hvort fara ætti eftir opinberum tilmælum sem gefin væru út fyrir Danmörku, og mögulega Noreg meðan hann tilheyrði danska ríkinu, eða hvort það skyldi einvörð-

⁸¹ *DÍ*. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. B/24. Bréf 1852–1853. Prófastur til sýslumanns 7. apríl 1852; „Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685“, bls. 114; *Lövs. f. Isl.* 14, bls. 399–400.

⁸² *DÍ*. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. C/5. Bréf 1833–1856. Sýslumaður til sóknarprests 8. apríl. 1852. — Hliðstæður vandi skaut upp kollinum á aðventunni 1868 í máli Ásmundar Helgasonar í Efranesi í Stafholtstungum sem fannst voveiflega látinn í vök. *DÍ*. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. CA/3. Bréfabók 1857–1869. Sýslumaður til amtmanns 24. desember 1868; *DÍ*. Amtmaðurinn í Vesturamti. C/27. Bréfabók 1868–1869. Amtmaður til sýslumannsins í Mýra- og Hnappadalssýslu 29. desember 1868; *DÍ*. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. GA/4-1. Dóma- og þingbók Mýra- og Hnappadalssýslu 1867–1870, bls. 63–69. Sjá: Karin Johannisson, *Melankolíska rum: Om ángest, leda och sårbarhet i förfluten tid och nutid*, Alb. Bonniers förlag, 2001, bls. 209–212.

⁸³ [Án fyrirsagnar], *Þjóðólfrur* 25. febrúar 1854, bls. 171–172, hér 171.

⁸⁴ „Kong Christian Den Femtis Danske Lov“ (gr. 2-10-4); „Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685“, bls. 114.

⁸⁵ [Án fyrirsagnar], *Þjóðólfrur* 25. febrúar 1854, bls. 171.

ungu gert þegar fyrirmæli væru beinlínis gefin út fyrir Ísland.⁸⁶ Benti hann á að upp á síðkastið hefði farið í vöxt „[...] og um of, að jarðsýngja þá menn með allri kirkjulegri viðhöfn, sem taka sjálfir af sér lífið [...]“.⁸⁷ Enda hafi frést að norðan að Baldvin heitinn „[...] hafi verið jarðsettur með saungvum og líkhringing, hjartnæmri ræðu og göfugri líkfylgd [...]“.⁸⁸ Þetta jafngilti því að Baldvin hefði fengið „hátíðlega“ útför sem ritstjóranum féll sýnilega ekki. *Djóðólfur* fylgdi því álitu eftir er hann birti skrif nafnlaus „sveitaprests“ sem benti á að hátíðleg greftrun væri „lögbönnuð“ í slíkum tilfellum.⁸⁹ Taldi hann að yfirvöld hefðu enga heimild til að veita undanþágu frá því og yrðu þau að hreinsa sig af ámæli hefðu þau heimilað að Baldvin væri grafinn „[...] með kirkjunnar venjulegu „ceremoníum““ og hefði samt verið kunnugt um alla málavöxtu enda lægi þá í augum uppi að þau hefðu „[...] stígið fram yfir það, sem lög leyfa og reglurnar við þessa jarðarför verða þá að engu gyldari þó yfirvöld gefi þær ef það vantar gilda lagaheimild fyrir þeim að öðru leyti.“⁹⁰ Ljóst er að hvorki ritstjóri *Djóðólfs* né „sveitapresturinn“ hafa þekkt til þeirra forsendna sem byggt hafði verið á við greftrunina og þá einkum heilsufars Baldvins. Þá er óvíst að þeir hafi þekkt til ráðuneytisbréfsins frá 1848 og þeirra leiðbeininga sem þar voru gefnar.

Þegar *Djóðólfur* skýrði frá hátíðlegri greftrun Baldvins hafði hann ekki aðrar heimildir um hana en lausafregnir að norðan.⁹¹ Fræðimaðurinn Magnús Björnsson (1889–1963) á Syðra-Hóli ritaði svo um málið að Hinrik Hinriksson (1809–1867), bróðir Baldvins og þá prestur að Bergstöðum í Svartárdal, hefði heitið því að missa fyrr embættið en að Baldvin yrði grafinn utan garðs og hafi hann leitað heimildar prófests og biskups um greftrun í kirkjugarði. Hafði það valdið því að útförin hefði dregist úr hömlu.⁹² Hér er margt á reiki. Hinrik á Bergstöðum átti ekki hlut að málinu nema sem aðstandandi. Hempa hans getur því tæpast hafa verið í hættu þótt hann beitti sér fyrir mannúðlegri meðferð á líki bróður síns. Þá heyrðu mál af þessu tagi hvorki undir prófast né biskup heldur sýslumann og amtmann. Ekki er þó vitað hvort Hinriki var kunnugt um það. Þá er ljóst að réttarpróf fóru fram strax á milli jóla og nýárs svo að þess vegna þurfti útförin ekki að frestast.⁹³ Bendir þetta til að Magnús hafi byggt þessa sögu sína á hæpnum heimildum og þá e.t.v. gömlum orðrómi í héraði.

Annars var gangur málsins eftirfarandi: Þann 27. desember ritaði Björn Þorláksson (1807–1858), bóndi og hreppstjóri á Þverá, sýslumanni bréf þar sem hann tilkynnti lát Baldvins. Heilsu hans lýsti Björn svo að Baldvin hefði m.a. þjást af ástæðulausum ótta yfir smámunum sem bent gæti til ákafs og sjúklegs kvíðaástands. Um framferði hans og háttarlag sagði: „En hvað hegðan hans áhrærir meðan hann var hjá mér, var hún eptir því sem mögulegt var að sjá ráðvönd, kristileg og guðrækileg. Og hann í allri viðbúð, velviljaður, þakklátur og auðsveipur.“⁹⁴ Daginn eftir hélt sýslumaðurinn svo pólitírét og lagði Björn

⁸⁶ Sama heimild, bls. 171–172.

⁸⁷ Sama heimild, bls. 172.

⁸⁸ Sama stað.

⁸⁹ [Án fyrirsagnar], *Djóðólfur* 12. ágúst 1854, bls. 261–262, hér 261.

⁹⁰ Sama stað.

⁹¹ [Án fyrirsagnar], *Djóðólfur* 25. febrúar 1854, bls. 172.

⁹² Magnús Björnsson, *Mannaferðir og fornar slóðir*, Bókafélag Odds Björnsson, 1957, bls. 229–231.

⁹³ *Þf.* Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. GA/8-1. Þingbók Húnavatnssýslu 1850–1855, bls. 306–307.

⁹⁴ *Þf.* Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. B/24. Bréf. Björn Þorláksson til sýslumanns 27. desember 1853.

þá fram bréfið sem vitnisburð sinn. Um framferði Baldvins, auk ofanritaðs, var haft eftir Birni að Baldvin hefði „[...] oft verið með miklum fyrirbænum og gudrækilegum umtölum, verið þar hjá gegn og góður í viðbúd við alla á heimilinu, þakklátur og audsveipur.“ Einn heimamaður á Þverá, sem verið hefur fylgdarmaður húsbónda síns, staðfesti vitnisburðinn.⁹⁵ Var þetta fjarri þeirri mynd sem annars staðar kom fram af Baldvin, sem þótti ófyrirleitinn og ókristilegur í háttum.⁹⁶ Hefur Björn væntanlega viljað koma í veg fyrir að Baldvin yrði grafinn utan garðs og þá að öllum líkindum í landi Þverár. Minnir afstaða hans í þessu á viðleitni Sigurðar í Höfnum, sem fjallað er um hér að framan, til að tryggja vinnukonu sinni „heiðarlega“ útför. Ekki virðist sýslumaðurinn hafa tekið afstöðu til greftrunarmáta í tengslum við réttarprófið.

Björn Þorláksson (1816–1862), prestur á Höskuldsstöðum, hlaut að koma að útförinni sem sóknarprestur og ritaði hann bæði sýslumanni og Jóni prófasti í Steinnesi fyrirspurnarbréf sama dag og prófið fór fram. Tveimur dögum síðar, 30. desember, svaraði prófasturinn og benti á að það væri ekki sitt að leyfa að Baldvin „[...] megi jafnast kristilega í helgum reit, eptir ósk allra hlutadeigenda“ og kann þar að ýja að íhlutun Hinriks á Bergstöðum. Þá rakti hann gildandi lagafyrirmæli og venjulega framkvæmd á Suðurlandi þar sem hann kvaðst þekkja best til. Þar sagði hann venju hafa verið að leita úrskurðar stiftamtmanns og að biskup hefði vísað slíkum erindum þangað ef þau bárust honum. Þetta hefur prófasti verið kunnugt um þar sem hann hafði verið skrifari biskups áður en hann flutti norður. Með tilliti til árstíma og hversu langt væri að leita til amtmanns á Möðruvöllum mælti prófasturinn með að úrskurðar næsta yfirvalds, þ.e. sýslumanns, yrði leitað enda virtist sér það sums staðar síður og jafnvel í Húnavatnssýslu og vísaði þar með í mál konunnar frá Höfnum þar sem einnig hafði verið leitað álits prófastsins. Efaðist hann ekki um að sýslumaðurinn, sem var svo gagnkunnugur heilsufari og geðsmunabresti Baldvins heitins, „[...] finni ástæðu til að leyfa, að hann megi verða jafnast að síð kristinna manna, þegar ydar velæruverdugheit berid fram fyrir hann ósk hlutadeigandi um það“ og skýrði honum frá veikindum og siðferðisástandi Baldvins heitins á hinum síðustu sex vikum, er hann lifði. Taldi hann ástæðulaust að tefja málið með því að leita álits læknis.⁹⁷

Á gamlaársdag ritaði sýslumaður Birni á Höskuldstöðum svo bréf þar sem segir:

[...] verd eg að álíta það fullvíst, að [Baldvin] í sínu veikinda ásigkomulagi hafi ráðið sjálfum sér bana, hvarhjá það einnig er fram komið, að maðurinn þar á undan hegðadi sér einkar sidsamlega og gudrækilega í orðum og athöfnum [...] Þess vegna virðist mér tilhlýdilegt og lögum ekki móthverft, [...], að lík Baldvins megi jafnaz í kirkjugardi með kristnum síð, hvað hér með leyfiz í vissri von um samþykki amtsins eptir á, og með tilliti til þeirrar tímalengdar, sem útvegum því líks samþykkis fyrir fram á þessum ársins tíma mundi orsaka.⁹⁸

Málið hafði því fengið skjóta en vandaða meðferð og það verið afgreitt með venjulegum hætti.

⁹⁵ *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. GA/8-1. Þingbók Húnavatnssýslu 1850–1855, bls. 306–307.

⁹⁶ Magnús Björnsson, *Mannaferðir og fornar slóðir*, bls. 229–231.

⁹⁷ *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. B/24. Bréf. Björn Þorláksson til sýslumanns 27. desember 1853.

⁹⁸ *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. C/5. Bréfabók 1833–1856. Sýslumaður til sóknarprests 31. desember 1853. Sjá og: *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu. C/5. Bréfabók 1833–1856. Forklaring 31. desember 1853. — Veikindi Baldvins Hinrikssonar höfðu staðið lengi. Hann hafði komið úr fyrstu utanför sinni 1823–1825

Loks ber að geta þess úrskurðar Hermanns Johnsson í Rangárvallasýslu sem skar sig frá öðrum niðurstöðum hans í sjálfsvígsmálum en þær hljóðuðu upp á greftrun í kyrrþey. Í apríl 1870 hélt hann „pólitírét“ vegna sjálfsvígs vinnumanns Skúla Thorarensen (1805–1872), fyrrum héraðslæknis á Móeiðarhvoli, en vinnumaðurinn hafði skorið sig á háls í svæsnu þunglyndiskasti. Ályktun sýslumanns í lok réttarprófsins var einföld: „Politídómarinn áleit ekki ástæðu til að gjöra neinar sérstakar ráðstafanir um greftrun dána, því óyggjandi er að honum hefir ekki verið sjálfráðt að vinna verk þetta.“⁹⁹ Kann þetta að hafa verið fært til bókar þar sem engrar sérstakrar bréfagerðar var þörf en Hermann þó viljað formgera málið eins og hans var vandi.

Athygli vekur hve snemma á rannsóknartímanum „hátíðleg“ útför var heimiluð eftir sjálfsvíg, jafnvel þótt í hlut ætti maður sem stóð mjög höllum fæti. Þá hafa allmörg dæmi, eða alls tíu, fundist um kirkjulegar útfarir við þessar aðstæður. Ástæða er til að ætla að tilvikin hafi þó verið mun fleiri. Til stuðnings þeirri tilgátu má benda á að geðrænir sjúkdómar og vandi hafi verið orsök fyrir flestum sjálfsvígum en við þær aðstæður var heimilt að jarða lík að kirkjulegum hætti a.m.k. frá 1838. Þá var sönnunarbyrði fyrir því að um sjálfsvíg hefði raunverulega verið að ræða þung. Kann skortur á beinum sönnunum að hafa leitt til þess í einhverjum tilvikum að fólk hafi verið látið njóta vafans. Í því sambandi má benda á vinnukonuna á Illugastöðum í Fnjóskadal.

Niðurstöður

Aðeins hafa fundist formlegir úrskurðir um greftrun ríflega 30 af hundraði þeirra sem féllu fyrir eigin hendi hér á landi á tímabilinu 1800–1870. Þar af leiðandi er ekki mögulegt að álykta neitt um fjölda þeirra sem grafin hafa verið með niðurlægjandi móti, þ.e. utan garðs, og þar með fengið „óheiðarlega“ greftrun eins og það hét á lagamáli. Á sama hátt er ómögulegt að draga upp tölfræðilega mynd af þeirri þróun sem kann að hafa átt sér stað á tímabilinu. Athuginin sýnir þó að hörðustu úrskurðirnir, sem hljóðuðu upp á gröft utan garðs með eignaupptöku, voru felldir á fyrsta áratugi aldarinnar. Þar með er þó ekki hægt að fullyrða að eftir það hafi greftranir utan garðs að mestu leyti heyrt sögunni til. Dæmi hefur enda fundist um konu sem grafin var utan garðs 1858 en það var gert að ráði hreppstjóra án aðkomu prests eða sýslumanns. Engar ályktanir verða því dregnar af því tilviki. Hafi „óheiðarlegar“ greftranir samt horfið að mestu snemma á tímabilinu var annað form niðurlægjandi greftrunar enn til staðar og notað fram undir lok tímabilsins: greftrun afsíðis í kirkjugarði í kyrrþey og jafnvel án moldunar. Var þetta form greftrunar á mörkum þess að geta talist kristið.

Dæmin sem fundust nægja aftur á móti til að sýna fram á að öll fjögur afbrigði greftrunar sem til greina komu í þessu sambandi voru viðhöfð hérlendis: „óheiðarleg“ greftrun, „heiðarleg“ en „ekki hátíðleg“, greftrun í kyrrþey án

geðveikur og honum verið komið til lækninga hjá Jóni Jónssyni presti á Stærri-Árskógi. Var hann þar að nýju í sömu erindum frá september 1826 þar til eftir næstu áramót. Alls var hann þrisvar í Danmörku vetur í senn. *BÍ*. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. B/45. Bréf 1852–1854; Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu 27. ágúst 1852.

⁹⁹ *BÍ*. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/6-1. Dóma- og þingbók Rangárþings 1869–1872, bls. 89–91.

moldunar eða með moldun og loks „hátíðleg“ greftrun. Athygli vekur að jafnmörg dæmi, eða tíu, hafa fundist um greftrun í kyrriþey og „hátíðlega“ greftrun. Bæði afbrigðin hafa þó farið fram með ýmsu móti. Varðandi útför í kyrriþey skipti mestu hvort moldun var leyfð eða ekki. „Hátíðlegu“ útfarirnar hafa á hinn bóginn mótast að einhverju leyti af félagslegri stöðu þeirra sem í hlut áttu þótt ætíð hafi moldun átt sér stað.

Löggjöfin sem hér gildi fram til 1870 leyfði að þau sem höfðu þjáðst af geðveiki eða vitfirringu er þau urðu sér að bana mætti grafa með venjulegum hætti, þ.e. „hátíðlega“. Fundist hefur dæmi um úrskurð af því tagi þegar frá öðrum áratugi nítjándu aldar. Hér á landi var lítið svo á að geðræn veikindi væru orsök flestra sjálfsvíga, eða hvað varðar um 60 af hundraði þeirra. Þegar þannig stóð á þurfti ekki að gefa prestum nein sérstök fyriræli um hvernig standa skyldi að greftruninni. Kann það að einhverju leyti að skýra hversu torvelt hefur reynst að finna formlega úrskurði um greftrunarmáta. Í einhverjum tilvikum kunna fyriræli þó að hafa verið gefin prestum óformlega, jafnvel munnlega.

Athugunin sýnir að á tímabilinu gerðu hérlend yfirvöld kröfur um að leitt væri í ljós með óyggjandi hætti að um sjálfsvíg hefði raunverulega verið að ræða en viðkomandi hefði ekki orðið fyrir slysi eða verið banað af öðrum. Vel skjalfest dæmi um það má sjá frá þriðja áratugi aldarinnar. Þá virðast yfirvöld hafa lítið til mildandi aðstæðna og þá einkum geðrænnar heilsu þeirra sem fyrirfóru sér. Því virðist mega fullyrða að sjaldnast hafi ákvæðum þeirrar sautjándu aldar löggjafar sem gildi hér á tímabilinu verið beitt rútínukennt. Á þetta ekki síst við um veraldleg yfirvöld. Ef eitthvað er, virðast a.m.k. sumir prestar hafa aðhyllt strangari framkvæmd laganna en veraldleg yfirvöld. Aðrir prestar voru þó tilbúnir að taka þveröfugan pól í hæðina, eins og t.d. presturinn í Gufudal um miðbik aldarinnar. Skiljanlegt er að prestar hafi verið tregir til í þessu efni. Þeir höfðu ekki umboð til að taka ákvarðanir á þessu sviði á borð við sýslumennina. Auk þess brann greftrunin heitast á þeim. Fæstir þeirra byggðu heldur á eigin reynslu í þessu sambandi þótt dæmi hafi fundist um prest sem lenti í tveimur málum af þessu tagi á starfsævinni.

Framan af ríkti nokkur óvissa um hverjum bæri að taka ákvörðun um hvernig grafa skyldi þau sem tóku eigið líf. Um miðbik nítjándu aldar stuðluðu dönsk stjórnvöld að auknu öryggi í því efni. Vegna aðstæðna í landinu, einkum mikilla vegalengda og bágra samgangna, fengu sýslumenn víðtækt umboð í þessu efni sem þeir skyldu samt beita undir eftirliti amtmanns. Samtímis gáfu stjórnvöldin leiðbeiningar um mildilega framkvæmd laganna. Vildu þau að horft yrði til fleiri mildandi atriða en geðheilsu fólks. Auk þess skyldi líta til persónuleika og lífarnis þeirra sem látist höfðu, sem og að varast að íþyngja eftirlifandi aðstandendum frekar en nauðsynlegt væri. Sýnt hefur verið fram á að þau fyriræli hafi haft áhrif hér á landi, eins og kemur vel fram í fyrirælum Hermanns Johnsson, sýslumanns á Rangárvöllum, frá síðustu árum tímabilsins. Vera má að úrskurðum um „heidarlegar“ en „ekki hátíðlegar“ greftranir hafi fjölgað í kjölfar fyriræla. Um það verður þó ekki fullyrt. Með fyrirælu var í öllu falli leitast við að þróa útfararmátann hérlendis að þessu leyti til samræmis við það sem gerst hafði nokkru fyrr í Danmörku. Þó skyldi ekki horfa framhjá því að trúarlega séð væri sjálfsvíg ósiðlegur og syndugur verknaður né heldur framhjá al-

menningsáliti í þessu efni í landinu sjálfu. Allt tímabilið var enda ríkt gengið eftir að fyrirmælum um greftrun í kyrriþey væri nákvæmlega fylgt, ætti það við, þrátt fyrir að ný hegningarlög án ákvæða um niðrandi gröft hefðu verið samþykkt og væru í þann veginn að ganga í gildi. Það kemur líka vel fram í fyrirmælum Hermanns sýslumanns.

Þessi stefnumörkun hefur þó ekki vakið hrifningu eða athygli allra. Kemur það t.d. fram í skrifum í *Djóðólfi* um sjálfsvíg Baldvins Hinrikssonar 1853 sem vakti mikla athygli. Ekki verður úr því skorið hvort ritstjóra blaðsins og „sveitaprestinum“ sem í það ritaði var einfaldlega ókunnugt um tilslökunina sem hafði verið þrýst á um héraendis með fyrrgreindum hætti eða hvort þeir voru henni beinlínis andvígir. Svo mikið er víst að algengt hefur verið að greftrun utan garðs væri talin eðlilegur og jafnvel æskilegur framgangsmáti í kjölfar sjálfsvíga langt fram eftir níttjándu öldinni og jafnvel eftir 1870. Þrátt fyrir að afstaða fólks til sjálfsvíga hafi sem betur fer tekið miklum breytingum frá því sem þá gerðist — eða e.t.v. einmitt þess vegna! — verður oft vart svipaðrar alhæfingar, þ.e. að almennt hafi fórnarlömbin verið grafin utan garðs. — Hér er meginniðurstaðan sú að svo hafi ekki verið.